VARÐA
Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins

# Staða launafólks á Íslandi

*Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB*

*Maí 2023*

Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB

Útgefandi: Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins
Ábyrgðaraðili: Kristín Heba Gísladóttir
Höfundar: Maya Staub og Kristín Heba Gísladóttir.
Úrvinnsla tölfræðilegra gagna: Maya Staub og Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík
Sími: 535 5629
Netfang: rannvinn@rannvinn.is
Vefsíða Vörðu: rannvinn.is
ISBN númer: 978-9935-532-14-5

© Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2023

# Efnisyfirlit

Helstu niðurstöður ....1
Key outcomes ....2
1 Inngangur ....3
2 Aðferð ....4
2.1 Fyrirlögn ....4
2.2 Svarhlutfall ....4
2.3 Vigtun gagna ....4
2.3.1 Vigtun gagna – samanburður milli áranna 2022 og 2023 ....7
2.4 Mælingar ....8
2.5 Marktæknipróf ....9
3 Niðurstöður ....10
3.1 Fjárhagsstaða ....12
3.1.1 Ná endum saman ....13
3.1.2 Geta mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum ....15
3.1.3 Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári ....16
3.1.4 Efnislegur skortur ....18
3.1.5 Fjárhagsaðstoð ....23
3.1.6 Yfirdráttur, smálán, bílalán og önnur skammtímalán ....26
3.1.7 Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn ....27
3.1.8 Samanburður - fjárhagsstaða félaga 2022 og 2023 ....32
3.1.9 Samantekt - fjárhagsstaða félaga ....34
3.1.10 Summary - Financial Standing ....36
3.2 Staða launafólks á húsnæðismarkaði ....38
3.2.1 Byrði húsnæðiskostnaðar ....41
3.2.2 Húsnæðislán launafólks í eigin húsnæði ....44
3.2.3 Samantekt - staða launafólks á húsnæðismarkaði ....46
3.2.4 Summary - Housing market status ....47
3.3 Fjárhagsstaða launafólks eftir stöðu á húsnæðismarkaði ....47
3.3.1 Ná endum saman meðal launafólks á leigumarkaði og í eigin húsnæði ....47
3.3.2 Byrði húsnæðiskostnaðar launafólks á leigumarkaði og í eigin húsnæði ....48

3.3.3 Skortur á efnislegum gæðum meðal launafólks á leigumarkaði og í eigin húsnæði 49
3.3.4 Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári síðan meðal launafólks á leigumarkaði og í eigin húsnæði ....50
3.3.5 Samanburður - fjárhagsstaða launafólks á húsnæðismarkaði 2022 og 2023 ....51
3.3.6 Samantekt - fjárhagsstaða launafólks á húsnæðismarkaði ....53
3.3.7 Summary - Financial situation of workers by housing market status ....54
3.4 Heilsufar launafólks ....55
3.4.1 Líkamlegt heilsufar ....56
3.4.2 Andlegt heilsufar ....58
3.4.3 Samanburður - heilsufar launafólks 2022 og 2023 ....64
3.4.4 Samantekt - heilsufar launafólks ....64
3.4.5 Summary - Health ....65
3.5 Starfstengd kulnun ....65
3.5.1 Samantekt - starfstengd kulnun ....72
3.5.2 Summary - job-related burnout ....72
3.6 Mismunun og réttindabrot á vinnumarkaði ....73
3.6.1 Mismunun á grundvelli jaðarstöðu ....73
3.6.2 Réttindabrot á vinnumarkaði ....74
3.6.3 Samantekt - mismunun og réttindabrot á vinnumarkaði ....80
3.6.4 Summary - discrimination and labour market violations ....81
Heimildarskrá ....82
Viðauki I ....83

## Töfluyfirlit

**Tafla 1.** Flokkun aðildarfélaga vegna vigtunar gagna.... 5
**Tafla 2.** Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.... 6
**Tafla 3.** Vigtun gagna fyrir samanburð milli ára. .... 7
**Tafla 4.** Lýðfræðileg samsetning launafólks eftir kyni. .... 11
**Tafla 5.** Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 13
**Tafla 6.** Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir uppruna. .... 14
**Tafla 7.** Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 15
**Tafla 8.** Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og uppruna. .. 16
**Tafla 9.** Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir kyni og fjölskyldustöðu. .... 17
**Tafla 10.** Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir kyni og uppruna. .... 18

**Tafla 11.** Efnislegur skortur eftir kyni og fjölskyldustöðu. 19
**Tafla 12.** Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir kyni og fjölskyldustöðu. 20
**Tafla 13.** Efnislegur skortur eftir kyni og uppruna. 21
**Tafla 14.** Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir kyni og uppruna. 22
**Tafla 15.** Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni og fjölskyldustöðu. 23
**Tafla 16.** Fjárhagsaðstoð (samanteknir þættir) á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni og fjölskyldustöðu. 24
**Tafla 17.** Fjárhagsaðstoð síðastliðna 12 mánuði eftir kyni og uppruna. 25
**Tafla 18.** Fjárhagsaðstoð (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir kyni og uppruna. 25
**Tafla 19.** Hlutfall þeirra sem eru með yfirdrátt, smálán, bílalán, önnur skammtímalán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim eftir kyni og fjölskyldustöðu. 26
**Tafla 20.** Hlutfall launafólks þeirra sem eru með yfirdrátt, smálán, bílalán, önnur skammtímalán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim eftir kyni og uppruna. 27
**Tafla 21.** Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir kyni og fjölskyldustöðu. 28
**Tafla 22.** Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir) eftir kyni og fjölskyldustöðu. 30
**Tafla 23.** Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægst sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir kyni og uppruna. 31
**Tafla 24.** Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir) eftir kyni og uppruna. 32
**Tafla 25.** Auðvelt eða erfitt er fyrir heimilið þitt að ná endum saman? Samanburður milli ára. 33
**Tafla 26.** Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Samanburður milli ára. 33
**Tafla 27.** Fjárhagstaða betri eða verri en fyrir ári síðan. Samanburður milli ára. 34
**Tafla 28.** Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á. Samanburður milli ára. 34
**Tafla 29.** Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og fjölskyldustöðu. 39
**Tafla 30.** Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og uppruna. 40
**Tafla 31.** Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og aldri. 41
**Tafla 32.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og fjölskyldustöðu. 42
**Tafla 33.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og uppruna. 42
**Tafla 34.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og aldri. 43
**Tafla 35.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði. 43
**Tafla 36.** Húsnæðislán eftir kyni og fjölskyldustöðu. 45
**Tafla 37.** Húsnæðislán eftir kyni og uppruna. 46
**Tafla 38.** Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði og gerð lána.. 48
**Tafla 39.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði og gerð lána. 49
**Tafla 40**. Efnislegur skortur eftir stöðu á húsnæðismarkaði og gerð lána. 50
**Tafla 41.** Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir stöðu á húsnæðismarkaði og gerð lána. 51
**Tafla 42**. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára. 52
**Tafla 43.** Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára. 52
**Tafla 44.** Fjöldi þátt sem efnislegur skortur er á eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára.. 53
**Tafla 45.** Líkamlegt heilsufar eftir kyni og fjölskyldustöðu. 56
**Tafla 46.** Líkamlegt heilsufar eftir kyni og uppruna. 57
**Tafla 47**. Líkamlegt heilsufar eftir kyni og aldri. 58
**Tafla 48.** Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og fjölskyldustöðu. 59
**Tafla 49.** Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og uppruna. 61

**Tafla 50**. Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og aldri....................................................63
**Tafla 51.** Líkamlegt heilsufar launafólks. Samanburður milli ára. ........................................................64
**Tafla 52.** Stig á heildarkvarða PHQ-9. Samanburður milli ára. ............................................................64
**Tafla 53.** Starfsgreinar eftir kyni. ...................................................................................................66
**Tafla 54.** Starfsgreinar eftir uppruna. ..............................................................................................67
**Tafla 55.** Starfsgreinar eftir aldri. ....................................................................................................68
**Tafla 56.** Stig starfstengdrar kulnunar eftir kyni og uppruna. ...............................................................69
**Tafla 57.** Stig starfstengdrar kulnunar eftir kyni og aldri. ......................................................................69
**Tafla 58.** Stig starfstengdrar kulnunar eftir kyni og starfsvettvangi. .......................................................71
**Tafla 59.** Lýðfræðileg samsetning launafólks eftir kynhneigð, kynvitund, húðlit og fötlun/skertri starfsgetu. .........................................................................................................................73
**Tafla 60.** Hefur orðið fyrir mismunun á grundvelli kyns, kynhneigðar, kynvitundar, uppruna, húðlitar og skertrar starfsgetu/fötlun. ..........................................................................................................74
**Tafla 61.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir kyni..................74
**Tafla 62**. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir kyni. ...........................................................................................................................75
**Tafla 63.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuð eftir uppruna. .............75
**Tafla 64.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir uppruna. ....................................................................................................................76
**Tafla 65**. Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir búsetu. .............76
**Tafla 66.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir kyni. ...........................................................................................................................77
**Tafla 67.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir aldri. .................77
**Tafla 68.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir aldri. ..........................................................................................................................77
**Tafla 69.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir fötlun/skertri starfsgetu. ........................................................................................................................78
**Tafla 70.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir fötlun/skertri starfsgetu.................................................................................................78
**Tafla 71.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir húðlit. ...............79
**Tafla 72.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir húðlit. .........................................................................................................................79
**Tafla 73.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði síðastliðna 12 mánuði eftir kynhneigð. ........80
**Tafla 74.** Hefur orðið fyrir réttindabrotum á vinnumarkaði (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir kynhneigð. ...................................................................................................................80

# Helstu niðurstöður

*Niðurstöður könnunarinnar sem var lögð fyrir félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB sýna:*

- **Tæplega helmingur vinnandi fólks á erfitt með að ná endum saman en var tæplega þriðjungur í fyrra:**
  - Eitt af hverjum tíu býr við skort á efnislegum gæðum.
  - Tæplega fjögur af hverjum tíu gætu ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar.
  - Fjárhagsstaða kvenna er verri en karla á öllum heildar mælikvörðum.
  - Tæplega tvö af hverjum tíu hafa ekki getað greitt kostnað vegna skipulagðra tómstunda fyrir börnin sín vegna fjárskorts.
- **Fjárhagsstaða einstæðra foreldra er verst meðal vinnandi fólks:**
  - Ríflega sex af hverjum tíu í hópi einstæðra foreldra eiga mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman.
  - Tæplega fjórðungur býr við skort á efnislegum gæðum.
  - Ríflega sex af hverjum tíu einstæðum mæðrum gætu ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum og tæplega fimm af hverjum tíu einstæðum feðrum.
  - Tæplega þrjár af hverjum tíu einstæðum mæðrum geta ekki greitt kostnað vegna félagslífs hjá börnum sínum sökum fjárskorts og ríflega tveir af hverjum tíu einstæðum feðrum.
- **Þriðja árið í röð mælist staða innflytjenda mun verri en innfæddra Íslendinga:**
  - Ríflega helmingur innflytjenda á mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman.
  - Hærra hlutfall innflytjenda býr við skort á efnislegum gæðum en innfæddra.
  - Ríflega fjögur af hverjum tíu búa við slæma andlega heilsu.
- **Þriðjungur launafólks býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði og er það hærra hlutfall en í fyrra:**
  - Fjárhagsstaða leigjenda er verst. Ríflega helmingur leigjenda býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði og sex af hverjum tíu eiga erfitt með að ná endum saman.
- **Blönduð húsnæðislán og lán á breytilegum vöxtum eru mest íþyngjandi:**
  - Ríflega helmingur launafólks með húsnæðislán á breytilegum vöxtum metur fjárhagsstöðu sína verri en fyrir ári síðan.
  - Hæst er hlutfall þeirra sem eru í eigin húsnæði með blönduð lán sem býr við efnislegan skort.
- **Ríflega helmingur einstæðra mæðra og ungra kvenna býr við slæma andlega heilsu:**
  - Ríflega þrír af hverjum tíu alls launafólks býr við slæma andlega heilsu.
  - Hæst er hlutfall einstæðra mæðra og ungra kvenna sem búa við slæma andlega heilsu en sama á við um innflytjendur og einstæða feður.
- **Tæplega eitt af hverjum tíu mælist með starfstengda kulnun:**
  - Starfstengd kulnun er algengust meðal þeirra sem starfa í mötuneytum og á veitingahúsum, í ræstingum, í fræðslustarfsemi og heilbrigðisþjónustu.
- **Minnihlutahópar verða í mun meira mæli fyrir réttindabrotum á íslenskum vinnumarkaði:**
  - Ungt fólk, innflytjendur, fólk með annan húðlit en hvítan, samkynhneigt fólk og fólk með skerta starfsgetu/fötlun verður oftar fyrir réttindabrotum.

# Key outcomes

*Outcomes from the survey, posed to members of unions within ASÍ and BSRB, show that:*

- **Almost half of workers struggle to make ends meet, compared to almost a third last year.**
  - One out of ten suffers material deprivation.
  - Almost four out of ten are not able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK, without going into debt.
  - The financial situation of women is worse by all standards, compared to men's.
  - Almost two out of ten have not been able to pay for organised recreational activities for their children, due to lack of money.
- **Single parents have the worst financial situation among workers:**
  - A little more than six out of ten single parents find it very difficult, difficult, or somewhat difficult, to make ends meet.
  - Almost a fourth suffers material deprivation.
  - A little more than six out of ten single mothers could not meet an unexpected cost of 80,000 ISK, and almost five out of ten single fathers.
  - Almost three out of ten single mothers are not able to pay the cost of social events for their children, due to lack of money, and roughly two out ten single fathers.
- **For the third year in a row, the survey outcomes show a much worse situation among immigrants, compared to native Icelanders.**
  - Just over a half of immigrants find it very difficult, difficult, or somewhat difficult, to make ends meet.
  - Immigrants are more likely than native Icelanders to suffer material deprivation.
  - Roughly four out of ten have poor mental health.
- **A third of workers report a heavy housing cost, an increase from last year:**
  - Tenants have the worst financial situation. Just over a half of tenants have a heavy housing cost, and six out of ten find it difficult to make ends meet.
- **Mixed housing loans, and loans with variable interest rates, are the most burdensome loans:**
  - Just over a half of those with housing loans with a variable interest rate report a worse financial situation than one year ago.
  - Out of homeowners, those with mixed housing loans are most likely to suffer material deprivation.
- **Just over a half of single mothers, and young women, report poor mental health.**
  - Roughly three out of ten people report poor mental health.
  - Single mothers and young women are most likely to report poor mental health, followed by immigrants and single fathers.
- **Almost one out of ten people have symptoms of job-related burnout:**
  - Job-related burnout is most prevalent among workers in canteens and restaurants, in cleaning, education work, and in healthcare.
- **Minority groups are much more likely than other groups to suffer labour market violations:**
  - Young people, people with skin colour other than white, homosexual people, and people with reduced capacity for work/disability, are more likely to suffer labour market violations.

# 1 Inngangur

Í febrúar lagði Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins í þriðja sinn fyrir umfangsmikla könnun meðal launafólks innan aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands (ASÍ) og BSRB. Markmið könnunarinnar er að varpa ljósi á:

1. Fjárhagsstöðu launafólks eftir kyni, uppruna, aldri og fjölskyldugerð
2. Stöðu launafólks á húsnæðismarkaði eftir kyni, uppruna, aldri, fjölskyldugerð og fjárhagsstöðu
3. Líkamlega og andlega heilsu launafólks eftir kyni, uppruna, aldri og fjölskyldugerð
4. Starfstengda kulnun meðal launafólks eftir kyni, uppruna, aldri og fjölskyldugerð
5. Réttindabrot á vinnumarkaði eftir kyni, aldri, landssvæði, uppruna, húðlit, kynhneigð og kyntjáningu

Könnunin var lögð fyrir í febrúar og byrjun mars 2023 og er aðferð hennar lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar. Fyrst er greint frá lýðfræðilegri samsetningu, þá er greint frá fjárhagsstöðu launafólks, stöðu á húsnæðismarkaði, fjárhagsstöðu eftir stöðu á húsnæðismarkaði, heilsufari launafólks, starfstengdri kulnun og síðast er greint frá mismunun og réttindabrotum á vinnumarkaði.

# 2 Aðferð

Notað er heildarþýðisúrtak (e. total population sampling) sem er ein af tegundum markvissra úrtaka (purposive sampling) og er skilgreint þýði félagar í aðildarfélögum ASÍ og BSRB. Varða hefur ekki aðgang að félagaskrám aðildarfélaganna og hafa félögin sjálf milligöngu um að virkja félagsfólks sitt til þátttöku.

## 2.1 Fyrirlögn

Formaður BSRB og forseti ASÍ sendu formönnum allra aðildarfélaga (19 félaga innan BSRB og 44 innan ASÍ) tölvupóst og óskuðu eftir aðstoð þeirra við að koma könnuninni á framfæri við félagsfólk. Formenn aðildarfélaganna fengu upplýsingatexta um könnunina á íslensku, ensku og pólsku til að senda í tölvupósti til félagsfólks og voru jafnframt hvött til að senda sms skilaboð og hafa hlekk inn á „mínum síðum“.

Könnunin var opin frá 9. febrúar 2023 til 1. mars 2023. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og hægt að svara könnuninni einu sinni á hverri IP-tölu. Svarendum gafst færi á að svara henni á íslensku, ensku eða pólsku.

## 2.2 Svarhlutfall

Könnunin er ætluð öllu félagsfólki heildarsamtaka ASÍ og BSRB. Greiðandi félagar innan 44 aðildarfélaga ASÍ voru 143.433 þann 1. janúar 2023. Innan BSRB voru í janúar 2023 samtals 24.456 félagar í 19 aðildarfélögum. Í þýðinu voru því samtals 167.889 einstaklingar. Könnuninni svöruðu 14.198 félagar og svarhlutfallið 8,5%.

## 2.3 Vigtun gagna

Þar sem að notast er við heildarþýðisúrtak í könnuninni, sem gerir Vörðu kleift að safna upplýsingum án þess að hafa aðgang að þýðisskrá, eru gögnin vigtuð út frá þekktum eiginleikum þýðisins til að þau endurspegli sem best þýðið í heild sinni. Til vigtunarinnar er félagatal beggja heildarsamtakanna nýtt og út frá því  vigtað eftir kyni og aðildarfélögum. Við vigtunina er aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB skipt í flokka eftir eðli þeirra starfa sem félagsmenn í viðkomandi félögum sinna. Fjögur aðildarfélaganna féllu ekki í neinn flokk og voru vigtuð sér. Skiptingin er sýnd í töflu 1.

**Tafla 1.** *Flokkun aðildarfélaga vegna vigtunar gagna*

| Vigtunarflokkur | Félög |
|---|---|
| ASÍ 1 | AFL-Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining – Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, |
| ASÍ 2 | Efling stéttarfélag, Verkalýðsfélagið Hlíf |
| ASÍ 3 | Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, VR. |
| ASÍ 4 | Félag íslenskra rafvirkja, Félag íslenskra símamanna, Félag rafeindavirkja, Félag rafiðnaðarmanna Suðurlandi, Félag tæknifólks, Rafiðnaðarfélag Norðurlands, Rafiðnaðarfélag Suðurnesja |
| ASÍ 5 | BYGGIÐN - félag byggingamanna, Félag iðn- og tæknigreina, Félag járniðnaðarmanna Ísafirði, Félag málmiðnaðarmanna Akureyri, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, ÞINGIÐN, Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, MATVÍS, VM - félag vélstjóra og málmtæknimanna, Mjólkurfræðingafélag Íslands |
| ASÍ 6 | Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn |
| FFÍ | Flugfreyjufélag Íslands |
| LEIÐSÖGN | LEIÐSÖGN - stéttarfélag leiðsögumanna |
| BSRB 1 | Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, FOSS - stéttarfélag í almannaþjónustu, Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannaþjónustu, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Vestmannaeyjabæjar, Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar |
| BSRB 2 | Sameyki - stéttarfélag í almannaþjónustu, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins. |
| BSRB 3 | Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Tollvarðafélag Íslands |
| BSRB 4 | Félag flugmálastarfsmanna ríkisins, Félag íslenskra flugumferðarstjóra |
| BSRB 5 | Sjúkraliðafélag Íslands |
| BSRB 6 | Póstmannafélags Íslands |

Þar sem að könnunin byggir á heildarþýðisúrtaki þar sem allir aðildarfélagar eiga jafna möguleika á að taka þátt er öllum vigtunarflokkunum gefin úrtaksvogin 1. Lokavogin er svo reiknuð út með því að deila svarhlutfalli viðkomandi flokks í úrtaksvogina. Vigtunaraðferðina má sjá í töflu 2.

Í ljósi þess að einungis örfá aðildarfélög innan ASÍ og BSRB bjóða upp á kynskráninguna „kvár“ eða „annað“ var eingöngu hægt að vigta gögnin út frá konum og körlum. Af þeirri ástæðu var ákvörðun tekin um að flokka kvár og kynsegin fólk með konum. Þetta var gert á forsendum kynjakerfisins þar sem bæði konur, kvár og kynsegin fólk er samfélagslega undirskipað körlum en best væri ef hægt væri að vigta gögnin í samræmi við raunverulega kynupplifun.

$$\frac{Úrtaksvog}{Svarhlutfall} * 100 = Lokavog$$

**Tafla 2.** *Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka.*

| Vigtunarflokkur | Fjöldi í þýði | Fjöldi svara | Svarhlutfall | Úrtaksvog | Lokavog |
|---|---|---|---|---|---|
| **ASÍ 1** | | | | | |
| Karlar | 21.476 | 473 | 2,20% | 1 | 45,404 |
| Konur | 17.571 | 735 | 4,18% | 1 | 23,906 |
| **ASÍ 2** | | | | | |
| Karlar | 18.982 | 1.009 | 5,32% | 1 | 18,813 |
| Konur | 16.746 | 1.171 | 6,99% | 1 | 14,301 |
| **ASÍ 3** | | | | | |
| Karlar | 20.680 | 1.616 | 7,81% | 1 | 12,797 |
| Konur | 25.053 | 2.156 | 8,61% | 1 | 11,620 |
| **ASÍ 4** | | | | | |
| Karlar | 5.243 | 702 | 13,39% | 1 | 7,469 |
| Konur | 522 | 71 | 13,60% | 1 | 7,352 |
| **ASÍ 5** | | | | | |
| Karlar | 13.951 | 565 | 4,05% | 1 | 24,692 |
| Konur | 1.174 | 120 | 10,22% | 1 | 9,783 |
| **ASÍ 6** | | | | | |
| Karlar | 567 | 4 | 0,71% | 1 | 141,750 |
| Konur | 1 | 1 | 100% | 1 | 1 |
| **FFÍ** | | | | | |
| Karlar | 123 | 24 | 19,51% | 1 | 5,125 |
| Konur | 738 | 140 | 18,97% | 1 | 5,271 |
| **LEIÐSÖGN** | | | | | |
| Karlar | 349 | 27 | 7,74% | 1 | 12,926 |
| Konur | 257 | 29 | 11,28% | 1 | 8,862 |
| **BSRB 1** | | | | | |
| Karlar | 2.100 | 347 | 16,52% | 1 | 6,052 |
| Konur | 5.404 | 1.324 | 24,50% | 1 | 4,082 |
| **BSRB 2** | | | | | |
| Karlar | 4.623 | 391 | 8,46% | 1 | 11,824 |
| Konur | 7.849 | 930 | 11,85% | 1 | 8,440 |
| **BSRB 3** | | | | | |
| Karlar | 1.118 | 167 | 14,94% | 1 | 6,695 |
| Konur | 357 | 60 | 16,81% | 1 | 5,950 |
| **BSRB 4** | | | | | |
| Karlar | 405 | 46 | 11,36% | 1 | 8,804 |
| Konur | 160 | 23 | 14,38% | 1 | 6,957 |
| **BSRB 5** | | | | | |
| Karlar | 66 | 8 | 12,12% | 1 | 8,250 |
| Konur | 1.917 | 424 | 22,12% | 1 | 4,521 |
| **BSRB 6** | | | | | |
| Karlar | 269 | 29 | 10,78% | 1 | 9,276 |
| Konur | 226 | 47 | 20,80% | 1 | 4,809 |

### 2.3.1 Vigtun gagna – samanburður milli áranna 2022 og 2023

Niðurstöður könnunarinnar í ár eru í ákveðnum tilvikum bornar saman við niðurstöður fyrri spurningakönnunar Vörðu um stöðu launafólks sem birt var árið 2022 (Varða – Rannsóknastofnun vinnumarkaðarins, 2022). Gögnin frá 2022 eru endurvigtuð út frá vigtuðum fjölda svarenda í nýju könnuninni, líkt og sjá má í töflu 3. Þannig er nú vegin útgáfa af eldri gögnunum samsett á sama hátt og vegin útgáfa af nýjustu gögnunum.

Í ljósi þess hve fólksfjölgun hér á landi hefur verið mikil síðastliðið ár (Hagstofa Íslands, 2023) og eins hve hátt hlutfall af þeirri fólksfjölgun skýrist af aðflutningi erlendra ríkisborgara hingað til lands (Hagstofa Íslands, 2022c), auk þess sem um 62% aukning var í þátttöku í könnun Vörðu á milli ára, var þessari vigtunaraðferð beitt til þess að taka mögulegar breytingar milli ára á samsetningu þýðisins.

**Tafla 3.** *Vigtun gagna fyrir samanburð milli ára.*

| Vigtunarflokkur | Vigtaður fjöldi frá 2023* | Heildarsvör 2022 (óvigtað) | Svarhlutfall | Úrtaksvog | Lokavog |
|---|---|---|---|---|---|
| **ASÍ** | | | | | |
| Íslenskar konur, 30 ára og yngri | 7.778 | 385 | 4,95% | 1 | 20,203 |
| Íslenskar konur, 31 – 40 ára | 8.131 | 388 | 4,77% | 1 | 20,955 |
| Íslenskart konur, 41 – 50 ára | 9.196 | 558 | 6,07% | 1 | 16,481 |
| Íslenskar konur, 51 – 60 ára | 9.421 | 622 | 6,60% | 1 | 15,146 |
| Íslenskar konur, 61 árs og eldri | 5.905 | 351 | 5,94% | 1 | 16,824 |
| **ASÍ** | | | | | |
| Erlendar konur, 30 ára og yngri | 5.671 | 225 | 3,97% | 1 | 25,204 |
| Erlendar konur, 31 – 40 ára | 9.052 | 276 | 3,05% | 1 | 32,798 |
| Erlendar konur, 41 – 50 ára | 4.769 | 122 | 2,56% | 1 | 39,090 |
| Erlendar konur, 51 – 60 ára | 1.981 | 51 | 2,57% | 1 | 38,838 |
| Erlendar konur, 61 árs og eldri | 474 | 11 | 2,32% | 1 | 43,084 |
| **ASÍ** | | | | | |
| Íslenskir karlar, 30 ára og yngri | 8.725 | 273 | 3,13% | 1 | 31,960 |
| Íslenskir karlar, 31 – 40 ára | 10.863 | 441 | 4,06% | 1 | 24,633 |
| Íslenskir karlar, 41 – 50 ára | 14.267 | 497 | 3,48% | 1 | 28,705 |
| Íslenskir karlar, 51 – 60 ára | 12.656 | 610 | 4,82% | 1 | 20,747 |
| Íslenskir karlar, 61 árs og eldri | 10.688 | 431 | 4,03% | 1 | 24,799 |
| **ASÍ** | | | | | |
| Erlendir karlar, 30 ára og yngri | 4.703 | 157 | 3,34% | 1 | 29,953 |
| Erlendir karlar, 31 – 40 ára | 11.321 | 248 | 2,19% | 1 | 45,651 |
| Erlendir karlar, 41 – 50 ára | 6.072 | 129 | 2,12% | 1 | 47,072 |
| Erlendir karlar, 51 – 60 ára | 1.894 | 46 | 2,43% | 1 | 41,182 |
| Erlendir karlar 61 árs og eldri | 571 | 9 | 1,58% | 1 | 63,481 |
| **BSRB** | | | | | |
| Íslenskar konur, 30 ára og yngri | 1.856 | 195 | 10,51% | 1 | 9,518 |
| Íslenskar konur, 31 – 40 ára | 2.463 | 231 | 9,38% | 1 | 10,662 |
| Íslenskart konur, 41 – 50 ára | 2.583 | 248 | 9,60% | 1 | 10,417 |
| Íslenskar konur, 51 – 60 ára | 4.448 | 419 | 9,42% | 1 | 10,615 |
| Íslenskar konur, 61 árs og eldri | 3.400 | 281 | 8,26% | 1 | 12,100 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **BSRB** | | | | | |
| Erlendar konur, 30 ára og yngri | 223 | 15 | 6,73% | 1 | 14,855 |
| Erlendar konur, 31 – 40 ára | 475 | 16 | 3,37% | 1 | 29,688 |
| Erlendar konur, 41 – 50 ára | 483 | 27 | 5,59% | 1 | 17,886 |
| Erlendar konur, 51 – 60 ára | 175 | 8 | 4,57% | 1 | 21,860 |
| Erlendar konur, 61 árs og eldri | 55 | 1 | 1,81% | 1 | 55,243 |
| **BSRB** | | | | | |
| Íslenskir karlar, 30 ára og yngri | 901 | 69 | 7,65% | 1 | 13,065 |
| Íslenskir karlar, 31 – 40 ára | 1.502 | 83 | 5,53% | 1 | 18,097 |
| Íslenskir karlar, 41 – 50 ára | 1.783 | 134 | 7,52% | 1 | 13,306 |
| Íslenskir karlar, 51 – 60 ára | 1.862 | 165 | 8,86% | 1 | 11,287 |
| Íslenskir karlar, 61 árs og eldri | 1.952 | 98 | 5,02% | 1 | 19,918 |
| **BSRB** | | | | | |
| Erlendir karlar, 30 ára og yngri | 124 | 2 | 1,62% | 1 | 61,895 |
| Erlendir karlar, 31 – 40 ára | 283 | 3 | 1,06% | 1 | 94,299 |
| Erlendir karlar, 41 – 50 ára | 132 | 3 | 2,28% | 1 | 43,847 |
| Erlendir karlar, 51 – 60 ára | 103 | 2 | 1,94% | 1 | 51,549 |
| Erlendir karlar 61 árs og eldri | 18 | 1 | 5,59% | 1 | 17,875 |

* Sjá töflu 2

## 2.4 Mælingar

*Andleg líðan*: Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þess (Andri Steinþór Björnsson et al., 2018). Spurt var um hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjórgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmings tímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni: 1) Lítill áhugi eða gleði við að gera hluti. 2) Verið niðurdregin/n/ð, dapur/döpur/dapurt eða vonlaus/t. 3) Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. 4) Þreyta og orkuleysi. 5) Lystarleysi eða ofát. 6) Liðið illa með sjálfa/n/t þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum/sjálfri/sjálfu þér eða fjölskyldu þinni. 7) Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp. 8) Hreyft þig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus/t eða óróleg/ur/t að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega. 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dáin/n/ð eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt (Agnes Agnarsdóttir et al., e.d.). Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke & Spitzer, 2002). Þeir sem merkja ekki við neina spurningu fá brottfallsgildi. Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki öllum spurningunum finna ekki fyrir þeim einkennum sem þeir merkja ekki við og fá gildið 0 í stað brottfallsgildis. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

*Kulnun:* Til að meta kulnunareinkenni þátttakenda var notast við Kaupmannahafnar kulnunarkvarðann (e. Copenhagen Burnout Inventory). Mælitækinu er skipt í þrjá þætti kulnunar; persónutengda kulnun, starfstengda kulnun og kulnun tengd samskiptum við viðskiptavini/skjólstæðinga. Í þessari könnun er einungis mæld starfstengd kulnun. Þátturinn samanstendur af sjö spurningum sem svarendur eru beðnir um að merkja við á raðkvarða frá 0 = aldrei, 1 = sjaldan, 2 = stundum, 3 = oft, 4 = alltaf eða frá 0 =að mjög litlu leyti, 1 = að litlu leyti, 2 = að einhverju leyti, 3 = að miklu leyti, 4 = að mjög miklu leyti. Kulnunareinkennunum er svo skipt í fjóra flokka A), B), C) og D) eftir styrkleika þeirra á kvarðanum sem spannar á heildina 0 til 28 stig. Í flokk A) raðast einstaklingar með 0-6 stig á kvarðanum og teljast ekki með kulnunareinkenni. Í flokk B) raðast einstaklingar með 7-13 stig og ættu þeir að vera meðvitaðir um nokkur einkenni. Í flokk C) raðast einstaklingar með 14-20 stig en þeir teljast með kulnunareinkenni sem bregðast þyrfti við. Að lokum er það flokkur D) en í hann raðast einstaklingar með 21 stig eða meira. Þeir teljast örmagna eða útbrunnir og þyrftu tafarlaust aðstoð (Berglind Harpa Svavarsdóttir & Elísabet Hjörleifsdóttir, 2020; Borritz & Kristensen, 2004).

*Skortur á efnislegum gæðum*: Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla efnislegan skort samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins og Hagstofa Íslands nota. Spurt var hvort einhver níu staðhæfinga ætti við um heimili svarenda. Staðhæfingarnar voru: 1) Vanskil á leigu, húsnæðislánum eða öðrum lánum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum. 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu. 3) Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag. 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum. 5) Hef hvorki efni á heimsíma né farsíma. 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki. 7) Hef ekki efni á þvottavél. 8) Hef ekki efni á bíl. 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Samkvæmt skilgreiningu búa þau við skort sem búa á heimili sem þrír af ofantöldum þáttum eiga við um (Hagstofa Íslands, 2022d).

## 2.5 Marktæknipróf

Persons kí-kvaðrat próf ($\chi 2$) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Prófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikmörk, * = p < 0,05, ** = p < 0,01.

# 3 Niðurstöður

Fjallað er um niðurstöður könnunarinnar í sex köflum. Kafli 3.1. fjallar um fjárhagsstöðu launafólks. Kafli 3.2. um stöðu launafólks á húsnæðismarkaði. Kafli 3.3. um fjárhagsstöðu eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Kafli 3.4 um líkamlega og andlega heilsu og kafli 3.5. um starfstengda kulnun. Í kafla 3.6. er greint frá réttindabrotum á vinnumarkaði.

Í fyrsta undirkaflanum er fjárhagsstaða launafólks skoðuð brotið niður eftir kyni, fjölskyldustöðu og uppruna. Því næst er fjallað um fjárhagstöðu fólks út frá stöðu þeirra á húsnæðismarkaði og hún greind eftir kyni, fjölskyldustöðu, aldri og uppruna. Í þriðja kaflanum er greint frá fjárhagsstöðu launafólks eftir stöðu á húsnæðismarkaði bæði leigjenda og þeirra sem eru í eigin húsnæði eftir gerð húsnæðislána. Niðurstöðurnar eru greindar eftir kyni, uppruna og aldri. Í fjórða kafla er greint frá líkamlegu og andlegu heilsufari og niðurstöðurnar greindar eftir kyni, fjölskyldustöðu, uppruna og aldri. Í fimmta kafla er greint frá starfstengdri kulnun eftir kyni og starfsgreinum. Í síðasta kaflanum er greint frá brotum á vinnumarkaði.

Varða hefur verið meðvituð um að reyna afla upplýsinga um hópa sem líklegri eru til þess að verða fyrir misskiptingu/mismunun í samfélaginu. Í því ljósi var bætt við bakgrunnsspurningum með vísun í lög um jafna meðferð á vinnumarkaði (86/2018). Greint er frá niðurstöðum um mismunun á vinnumarkaði eftir kynhneigð, kynvitund, uppruna, húðlit og skertri starfsgetu. Auk þess er greint frá réttindabrotum á vinnumarkaði og þau greind eftir kyni, uppruna, aldri, skertri starfsgetu, húðlit, kynhneigð og búsetu.

Í ákveðnum tilfellum eru niðurstöðurnar bornar saman við niðurstöður fyrri spurningakönnunar Vörðu um stöðu launafólks innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB sem birt var árið 2022 (Varða – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, 2022) og er aðferð þess líst í öðrum kafla (2.3. Vigtun gagna).

Tafla 4 sýnir lýðfræðilega samsetningu innan ASÍ og BSRB. Ríflega helmingur félagsfólks eru karlar (53,4%), tæplega helmingur konur (46%) en mun lægra hlutfall kvár (0,4%). Sökum þess hve fáir svarendur eru kvár var ákvörðun tekin um að flokka þau með konum við greiningu gagnanna. Flestir svarendur eru á aldrinum 31-40 ára eða 26,4%, þá á aldursbilinu 41-50 ára eða 22%, 51-65 ára eru 19,5% svarenda, 30 ára og yngri eru 18,2% og 61 árs og eldri 14% svarenda. Þegar litið er til uppruna sést að 67,2% svarenda eru innfædd, 28,7% eru innflytjendur og 4,1% með erlendan bakgrunn (sjá skilgreiningu í viðauka I). Stærstur hluti svarenda er í sambúð eða 71%. Af þeim eru 36,3% með börn. 21,4% eru einhleyp og 7,6% einstæðir foreldrar. Flestir

svarendur í könnuninni eða 28,9% eru með menntun á háskólastigi, næst stærsti hópurinn 20,4% eru með menntun á grunnskólastigi, 19,3% með stúdentspróf, 18% með iðnnám, og 12,1% með starfstengda menntun á framhaldsskólastigi. Meira en helmingur svarenda er búsettur á höfuðborgarsvæðinu eða 58,4%, 11,1% á Suðurnesjum, 10,1% á Suðurlandi, 7,9% á Norðurlandi eystra, 4,4% á Vestfjörðum, 3,6% á Norðurlandi vestra og 2,6% á Vesturlandi. 88,3% svarenda eru í launuðu starfi, 2,6% eru í atvinnuleit, 2% eru sjálfstætt starfandi, 1,8% eru í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi, 1,6% eru á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri, 1,6% eru í veikindaleyfi á launum, 1,3% á eftirlaunum og 0,5% eru í námi og ekki í vinnu.

**Tafla 4.** *Lýðfræðileg samsetning launafólks eftir kyni.*

| | Konur og kvár | Karlar | Samtals | *N* | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Kyn* | 46,4% | 53,4% | 99,8% | | |
| *Aldur* | | | | | |
| 30 ára og yngri | 20,2% | 16,4% | 18,2% | 12.669 | 0,000** |
| 31 – 40 ára | 25,9% | 26,7% | 26,4% | | |
| 41 – 50 ára | 20,8% | 23,0% | 22,0% | | |
| 51 – 60 ára | 20,3% | 18,8% | 19,5% | | |
| 61 árs og eldri | 12,8% | 15,1% | 14,0% | | |
| *Uppruni* | | | | | |
| Innfæddir | 66,0% | 68,2% | 67,2% | 13.003 | 0,000** |
| Innflytjendur | 29,7% | 27,9% | 28,7% | | |
| Með erlendan bakgrunn | 4,3% | 3,9% | 4,1% | | |
| *Fjölskyldustaða* | | | | | |
| Í sambúð með barn/börn | 33,8% | 38,4% | 36,3% | 12.719 | 0,000** |
| Í sambúð | 34,7% | 34,7% | 34,7% | | |
| Einstæðir foreldrar | 10,2% | 5,4% | 7,6% | | |
| Einhleypir | 21,3% | 21,5% | 21,4% | | |
| *Menntun* | | | | | |
| Grunnskólanám eða sambærilegt | 18,9% | 21,7% | 20,4% | 12.972 | 0,000** |
| Háskólanám | 34,1% | 24,3% | 28,9% | | |
| Iðnnám | 8,2% | 26,5% | 18,0% | | |
| Starfstengt nám á framhaldsskólastigi | 15,1% | 9,5% | 12,1% | | |
| Stúdentspróf | 22,5% | 16,6% | 19,3% | | |
| Annað | 1,2% | 1,4% | 1,3% | | |
| *Búseta* | | | | | |
| Austurlandi | 1,1% | 1,4% | 1,3% | 12.986 | 0,000** |
| Höfuðborgarsvæðinu | 58,5% | 58,3% | 58,4% | | |
| Norðurlandi eystra | 7,6% | 8,2% | 7,9% | | |
| Norðurlandi vestra | 3,8% | 3,5% | 3,6% | | |
| Suðurlandi | 10,2% | 10,0% | 10,1% | | |
| Suðurnesjum | 11,0% | 11,2% | 11,1% | | |
| Vestfjörðum | 4,4% | 4,4% | 4,4% | | |
| Vesturlandi | 2,6% | 2,5% | 2,6% | | |
| Annað | 0,7% | 0,5% | 0,6% | | |

*Framhald á næstu síðu

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| *Staða á vinnumarkaði* | | | | | |
| Í launuðu starfi | 87,5% | 89,0% | 88,3% | 12.976 | 0,000** |
| Í veikindaleyfi á launum | 1,9% | 1,3% | 1,6% | | |
| Sjálfstætt starfandi /Atvinnurekandi | 1,5% | 2,4% | 2,0% | | |
| Á eftirlaunum | 0,8% | 1,7% | 1,3% | | |
| Í námi og ekki í vinnu | 0,5% | 0,4% | 0,5% | | |
| Atvinnuleitandi | 2,6% | 2,6% | 2,6% | | |
| Á örorkulífeyri, sjúkradagpeningum eða endurhæfingarlífeyri | 1,8% | 1,5% | 1,6% | | |
| Í fæðingarorlofi eða tímabundnu leyfi frá störfum | 2,9% | 0,8% | 1,8% | | |
| Annað | 0,5% | 0,3% | 0,4% | | |

## 3.1 Fjárhagsstaða

Fjárhagsstaða launafólks á vinnumarkaði var metin í könnuninni út frá ýmsum spurningum. Spurt var hversu auðvelt eða erfitt væri að ná endum saman, hvort svarendur hefðu fengið fjárhagsaðstoð, byggju við efnislegan skort, gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum, hvort þeir væru með yfirdrátt, smálán eða bílalán og hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri nú en fyrir ári síðan.

Í lífskjararannókn Hagstofu Íslands má finna mælingar á skorti á efnislegum gæðum (Hagstofa Íslands, 2022d), hversu auðvelt eða erfitt fólk á með að ná endum saman, hvort það geti mætt 180.000 kr. óvæntum útgjöldum (Hagstofa Íslands, 2022a) og einnig hvort fólk hafi fengið fjárhagsaðstoð frá sveitafélagi (Hagstofa Íslands, 2020). Þessar mælingar svipar að mörgu leyti til þeirra mælinga sem Varða notar í þessari könnun.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar bjó 4,2% landsmanna við skort á efnislegum gæðum árið 2021. Þegar staðan er skoðuð með tilliti til stöðu fólks á húsnæðismarkaði, má sjá að 2,4% þeirra sem búa í eigin húsnæði á móti 10,9% þeirra sem búa í leiguhúsnæði bjuggu árið 2021 við skort á efnislegum gæðum (Hagstofa Íslands, 2022d). Eins voru árið 2021 um 24% landsmanna sem erfitt áttu með að ná endum saman og 51,5% meðal einstæðra foreldra (Hagstofa Íslands, 2022a). Hlutfall þeirra sem ekki gat mætti 180.000 kr. óvæntum útgjöldum var 22,5% árið 2021, en það hlutfall var einnig mun hærra meðal einstæðra foreldra eða 41,1%.

Samkvæmt niðurstöðum Hagstofunnar bjó 12,8% heimila við íþyngjandi byrði af húsnæðiskostnaði árið 2021. Það hlutfall er þó mun hærra meðal leigjenda eða 27% (Hagstofa Íslands, 2022b).

### 3.1.1 Ná endum saman

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt launafólk innan ASÍ og BSRB á með að ná endum saman eftir kyni og fjölskyldustöðu eru birtar í töflu 5. Taflan sýnir að hlutfallslega fleiri konur eiga mjög erfitt (7,4%), erfitt (11,8%) eða nokkuð erfitt (26,6%) með að ná endum saman en karlar (6,6%, 11,5% og 24,7%). Að sama skapi eiga karlar hlutfallslega oftar mjög auðvelt (9,5%) og auðvelt (12,4%) með að ná endum saman en konur (6,6% og 9,5%).

Þegar litið er til fjölskyldustöðu kemur í ljós að hlutfallslega fleiri einstæðar mæður og feður eiga mjög erfitt (22,4% og 14,3%) og erfitt (17,2% og 14,7%) með að ná endum saman en sambúðarfólk með börn. Hlutfall einstæðra mæðra sem á mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman er 67,6% og hlutfallið meðal einstæðra feðra er 53%. Þá eiga 49,7% einhleypra kvenna og 47,2% einhleypra karla mjög erfitt, erfitt eða frekar erfitt með að ná endum saman. Þegar litið er til sambúðarfólks með börn sést að 49,1% kvenna og 48,2% karla eiga mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman.

**Tafla 5.** *Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | |
| Mjög auðvelt | 5,5% | 9,3% | 3,2% | 5,4% | 6,6% | 0,000** |
| Auðvelt | 8,4% | 13,1% | 5,1% | 7,4% | 9,5% | *N* = 7.237 |
| Nokkuð auðvelt | 32,8% | 40,6% | 18,7% | 32,0% | 33,9% | |
| Nokkur erfitt | 30,7% | 22,0% | 28,0% | 27,1% | 26,6% | |
| Erfitt | 12,0% | 8,9% | 17,2% | 13,5% | 11,8% | |
| Mjög erfitt | 6,4% | 2,8% | 22,4% | 9,1% | 7,4% | |
| Vil ekki svara | 4,2% | 3,3% | 5,4% | 5,5% | 4,3% | |
| *Karlar* | | | | | | |
| Mjög auðvelt | 7,5% | 13,5% | 2,6% | 8,1% | 9,5% | 0,000** |
| Auðvelt | 9,7% | 16,3% | 8,2% | 11,6% | 12,4% | *N* = 5.434 |
| Nokkuð auðvelt | 32,4% | 36,0% | 31,6% | 28,6% | 32,8% | |
| Nokkur erfitt | 27,2% | 21,5% | 24,0% | 25,7% | 24,7% | |
| Erfitt | 13,1% | 7,7% | 14,7% | 13,9% | 11,5% | |
| Mjög erfitt | 7,9% | 3,3% | 14,3% | 7,6% | 6,6% | |
| Vil ekki svara | 2,2% | 1,6% | 4,6% | 4,5% | 2,6% | |
| *Öll* | | | | | | |
| Mjög auðvelt | 6,6% | 11,5% | 3,0% | 6,9% | 8,1% | 0,000** |
| Auðvelt | 9,1% | 14,8% | 6,3% | 9,7% | 11,0% | *N* = 12.671 |
| Nokkuð auðvelt | 32,6% | 38,1% | 23,6% | 30,2% | 33,3% | |
| Nokkur erfitt | 28,7% | 21,7% | 26,5% | 26,3% | 25,6% | |
| Erfitt | 12,6% | 8,3% | 16,3% | 13,7% | 11,6% | |
| Mjög erfitt | 7,2% | 3,1% | 19,3% | 8,3% | 6,9% | |
| Vil ekki svara | 3,0% | 2,4% | 5,1% | 5,0% | 3,4% | |

Niðurstöður spurningarinnar um hversu erfitt eða auðvelt er að láta enda ná saman eftir uppruna og kyni eru birtar í töflu 6. Meirihluti innfæddra á mjög auðvelt, auðvelt eða nokkuð auðvelt með að ná endum saman eða 59% en hlutfallið er 36,8% meðal innflytjenda. Að sama skapi er hlutfall innflytjenda sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman mun hærra en meðal innfæddra eða 56,9% á móti 38,6%.

Hlutfall innflytjendakvenna og kvenna með erlendan bakgrunn sem eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman er hærra en meðal innfæddra kvenna (56,5% og 49,7% á móti 40,6%). Svipaða stöðu má sjá meðal innflytjendakarla og karla með erlendan bakgrunn þegar staða þeirra er borin saman við stöðu innfæddra karla (57,1% og 40,5% á móti 37%).

**Tafla 6.** *Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Mjög auðvelt | 7,9% | 3,6% | 7,2% | 6,6% | 0,000** |
| Auðvelt | 10,4% | 7,8% | 7,7% | 9,5% | *N* = 7.406 |
| Nokkuð auðvelt | 37,9% | 25,0% | 29,8% | 33,7% | |
| Nokkur erfitt | 24,1% | 31,7% | 27,1% | 26,5% | |
| Erfitt | 9,9% | 16,2% | 12,2% | 11,9% | |
| Mjög erfitt | 6,6% | 8,6% | 10,4% | 7,4% | |
| Vil ekki svara | 3,1% | 7,1% | 5,5% | 4,4% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Mjög auðvelt | 12,1% | 3,1% | 7,2% | 9,4% | 0,000** |
| Auðvelt | 13,7% | 9,1% | 13,5% | 12,4% | *N* = 5.544 |
| Nokkuð auðvelt | 35,5% | 24,9% | 36,2% | 32,6% | |
| Nokkur erfitt | 22,1% | 31,0% | 23,4% | 24,6% | |
| Erfitt | 8,9% | 18,5% | 7,9% | 11,5% | |
| Mjög erfitt | 6,0% | 7,6% | 9,2% | 6,6% | |
| Vil ekki svara | 1,7% | 5,6% | 2,6% | 2,8% | |
| *Öll* | | | | | |
| Mjög auðvelt | 10,2% | 3,3% | 7,2% | 8,1% | 0,000** |
| Auðvelt | 12,2% | 8,5% | 10,6% | 11,1% | *N* =12.950 |
| Nokkuð auðvelt | 36,6% | 25,0% | 33,1% | 33,1% | |
| Nokkur erfitt | 23,0% | 31,4% | 25,2% | 25,5% | |
| Erfitt | 9,3% | 17,4% | 10,0% | 11,7% | |
| Mjög erfitt | 6,3% | 8,1% | 9,8% | 7,0% | |
| Vil ekki svara | 2,3% | 6,3% | 4,0% | 3,6% | |

### 3.1.2 Geta mætt óvæntum 80 þúsund króna útgjöldum

Spurt var hvort þátttakendur gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum í dag án þess að stofna til skuldar. Niðurstöðurnar með tilliti til fjölskyldustöðu eru sýndar í töflu 7. Nokkurn kynjamun má sjá á greiningunni en 43,1% kvenna og 34,2% karla telja sig ekki geta mætt slíkum útgjöldum. Þegar litið er til fjölskyldustöðu sést að 64,4% einstæðra mæðra og 49,3% einstæðra feðra gætu ekki mætt svo háum óvæntum útgjöldum.

**Tafla 7.** *Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | |
| Já | 38,9% | 56,9% | 23,5% | 39,5% | 43,7% | 0,000** |
| Nei | 47,6% | 29,6% | 64,4% | 47,6% | 43,1% | *N* = 7.216 |
| Veit ekki | 11,8% | 11,3% | 10,7% | 10,9% | 11,3% | |
| Vil ekki svara | 1,8% | 2,2% | 1,5% | 2,1% | 2,0% | |
| *Karlar* | | | | | | |
| Já | 50,8% | 67,2% | 39,2% | 48,4% | 55,3% | 0,000** |
| Nei | 38,8% | 23,2% | 49,3% | 40,0% | 34,2% | *N* = 5.429 |
| Veit ekki | 9,2% | 8,8% | 11,1% | 10,4% | 9,4% | |
| Vil ekki svara | 1,2% | 0,8% | 0,4% | 1,3% | 1,0% | |
| *Öll* | | | | | | |
| Já | 45,6% | 62,4% | 29,4% | 44,3% | 49,9% | 0,000** |
| Nei | 42,6% | 26,2% | 58,7% | 43,5% | 38,3% | *N* = 12.645 |
| Veit ekki | 10,3% | 10,0% | 10,8% | 10,6% | 10,3% | |
| Vil ekki svara | 1,4% | 1,5% | 1,1% | 1,6% | 1,5% | |

Tafla 8 sýnir hlutfall þeirra sem gætu mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum greint eftir uppruna og kyni. Hæst er hlutfall þeirra sem töldu sig ekki geta mætt slíkum útgjöldum meðal kvenna með erlendan bakgrunn eða 52% en 44,7% hjá innflytjendakonum og 41,5% meðal innfæddra kvenna. Meðal karla er má sjá svipaða mynstur. Innflytjenda karlar standa verr að vígi en innlendir kynbræður þeirra. Hlutfall innflytjendakarla sem ekki töldu sig geta mætt slíkum útgjöldum var 42,6%, meðal karla með erlendan bakgrunn 36,1% en innfæddra karla 30,8%.

**Tafla 8.** *Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Já | 48,5% | 33,9% | 36,5% | 43,7% | 0,000** |
| Nei | 41,5% | 44,7% | 52,0% | 42,9% | *N* = 7.384 |
| Veit ekki | 8,5% | 18,3% | 9,5% | 11,4% | |
| Vil ekki svara | 1,6% | 3,0% | 2,0% | 2,0% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Já | 62,2% | 38,6% | 50,1% | 55,1% | 0,000** |
| Nei | 30,8% | 42,6% | 36,1% | 34,3% | *N* = 5.539 |
| Veit ekki | 6,3% | 17,2% | 10,8% | 9,5% | |
| Vil ekki svara | 0,7% | 1,7% | 3,1% | 1,0% | |
| *Öll* | | | | | |
| Já | 55,9% | 36,3% | 43,5% | 49,8% | 0,000** |
| Nei | 35,7% | 43,6% | 43,8% | 38,3% | *N* =12.923 |
| Veit ekki | 7,3% | 17,7% | 10,2% | 10,4% | |
| Vil ekki svara | 1,1% | 2,3% | 2,5% | 1,5% | |

### 3.1.3 Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári

Þátttakendur voru beðnir um að svara hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri en fyrir ári og eru niðurstöðurnar birtar í töflu 9, greindar eftir kyni og fjölskyldustöðu. Stærstur hópur svaranda segir fjárhagsstöðu sína vera þá sömu og fyrir ári (35,7% kvenna og 34,6% karla). Svipað hlutfall kvenna og karla býr við nokkuð eða mun verri fjárhagsstöðu (37,5% og 37,2%). Hærra hlutfall karla en kvenna meta fjárhagsstöðu sína mun eða nokkuð betri en fyrir ári (27,2% á móti 25,4%).

Alls búa 46,3% einstæðra mæðra og 46,1% einstæðra feðra við nokkuð eða mun verri fjárhagsstöðu en fyrir ári. Sama á við um 43,9% karla í sambúð með börn, 40% kvenna í sambúð með börn, 39,4% einhleypra kvenna, 34,4% einhleypra karla, 31,4% kvenna í sambúð án barna og 30,2% karla í sambúð án barna.

Hins vegar er hlutfall einstæðra karla hæst meðal þeirra sem meta fjárhagsstöðu sína mun eða nokkuð betri (31,1%) en næst á eftir þeim koma einstæðir feður (30,3%) og karlar í sambúð án barna (26,9%).

**Tafla 9.** *Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | |
| Mun betri | 5,2% | 5,9% | 4,4% | 5,8% | 5,5% | 0,000** |
| Nokkuð betri | 21,8% | 19,0% | 17,5% | 19,4% | 19,9% | *N* = 7.247 |
| Eins og fyrir ári síðan | 31,8% | 42,3% | 29,7% | 34,0% | 35,7% | |
| Nokkuð verri | 26,8% | 22,9% | 26,9% | 27,1% | 25,5% | |
| Mun verri | 13,2% | 8,5% | 19,4% | 12,3% | 12,0% | |
| Vil ekki svara | 1,1% | 1,5% | 2,1% | 1,4% | 1,4% | |
| *Karlar* | | | | | | |
| Mun betri | 5,0% | 6,5% | 7,6% | 9,0% | 6,5% | 0,000** |
| Nokkuð betri | 19,8% | 20,4% | 22,7% | 22,1% | 20,7% | *N* = 5.442 |
| Eins og fyrir ári síðan | 30,5% | 41,5% | 23,6% | 33,4% | 34,6% | |
| Nokkuð verri | 30,6% | 21,3% | 29,4% | 21,2% | 25,3% | |
| Mun verri | 13,3% | 8,9% | 16,7% | 13,2% | 11,9% | |
| Vil ekki svara | 0,8% | 1,2% | 0,0% | 1,1% | 1,0% | |
| *Öll* | | | | | | |
| Mun betri | 5,1% | 6,2% | 5,6% | 7,5% | 6,0% | 0,000** |
| Nokkuð betri | 20,6% | 19,8% | 19,5% | 20,8% | 20,3% | *N* = 12.689 |
| Eins og fyrir ári síðan | 31,1% | 41,9% | 27,4% | 33,7% | 35,1% | |
| Nokkuð verri | 29,0% | 22,1% | 27,8% | 23,9% | 25,4% | |
| Mun verri | 13,3% | 8,7% | 18,4% | 12,8% | 12,0% | |
| Vil ekki svara | 0,9% | 1,3% | 1,3% | 1,2% | 1,2% | |

Tafla 10 sýnir svör þátttakenda við spurningunni hvort fjárhagsstaða þeirra væri betri eða verri en fyrir ári greint eftir uppruna og kyni. Taflan sýnir að mun hærra hlutfall innflytjendakvenna (44,3%), innflytjendakarla (45,3%), kvenna með erlendan bakgrunn (41,3%) og karla með erlendan bakgrunn (37,2%) býr við nokkuð eða mun verri fjárhagsstöðu en fyrir ári samanborið við innfæddar konur (34,7%) og innfædda karla (34,3%).

**Tafla 10.** *Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Mun betri | 5,1% | 5,8% | 6,7% | 5,4% | 0,000** |
| Nokkuð betri | 19,0% | 21,4% | 19,2% | 19,7% | *N* = 7.415 |
| Eins og fyrir ári síðan | 39,9% | 26,8% | 31,3% | 35,7% | |
| Nokkuð verri | 24,6% | 28,2% | 27,2% | 25,8% | |
| Mun verri | 10,1% | 16,1% | 14,1% | 12,0% | |
| Vil ekki svara | 1,3% | 1,8% | 1,4% | 1,4% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Mun betri | 6,9% | 5,0% | 9,2% | 6,5% | 0,000** |
| Nokkuð betri | 20,3% | 20,9% | 21,2% | 20,5% | *N* = 5.554 |
| Eins og fyrir ári síðan | 37,8% | 27,2% | 30,7% | 34,6% | |
| Nokkuð verri | 24,2% | 28,4% | 25,6% | 25,4% | |
| Mun verri | 10,1% | 16,9% | 11,6% | 12,0% | |
| Vil ekki svara | 0,8% | 1,6% | 1,6% | 1,0% | |
| *Öll* | | | | | |
| Mun betri | 6,1% | 5,4% | 8,0% | 6,0% | 0,000** |
| Nokkuð betri | 19,7% | 21,1% | 20,3% | 20,1% | *N* =12.969 |
| Eins og fyrir ári síðan | 38,8% | 27,0% | 31,0% | 35,1% | |
| Nokkuð verri | 24,4% | 28,3% | 26,4% | 25,6% | |
| Mun verri | 10,1% | 16,5% | 12,8% | 12,0% | |
| Vil ekki svara | 1,0% | 1,7% | 1,5% | 1,2% | |

### 3.1.4 Efnislegur skortur

Niðurstöður um efnislegan skort eftir kyni og fjölskyldugerð eru birtar í töflu 11. Hlutfallslega voru fleiri konur sem gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum (32,2% á móti 26,4%), höfðu ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu (25,9% á móti 20,5%), á kjöt-, fisk- eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag (8,2% á móti 6%), á síma (1,5% á móti 0,9%), á sjónvarpstæki (3,1% á móti 2,8%), á þvottavél (2,7% á móti 2,3%), á bíl (11% á móti 10,3%) og að kynda húsakynni sín nægilega (1,5% á móti 1,2%). Aftur á móti var hærra hlutfall karla í vanskilum með leigu eða lán (5,5% á móti 4,5%).

Þegar efnislegur skortur er greindur eftir fjölskyldustöðu kemur í ljós að mikill munur er á skorti eftir fjölskyldugerð. Staða einstæðra forelda er í öllum tilfellum verst. Hæst er hlutfall einstæðra mæðra sem hafa ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu (51,4%), hafa ekki efni á kjötmáltíð eða sambærilegri grænmetismálið annan hvern dag (23,1%), geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (53,4%), hafa ekki efni á síma (3,8%), sjónvarpstæki (6,3%), bíl (20,4%) og að kynda húsakynni nægilega (3,6%). Hlutfallslega eru flestir einstæðir feður í vanskilum á leigu eða lánum (11%).

**Tafla 11.** *Efnislegur skortur eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Vanskil á leigu/lánum* | | | | | | *N* = 11.906 |
| Konur og kvár | 4,9% | 2,5% | 10,2% | 4,6% | 4,5% | 0,000** |
| Karlar | 5,2% | 2,9% | 11,0% | 8,8% | 5,5% | 0,000** |
| Öll | 5,1% | 2,7% | 10,5% | 6,9% | 5,0% | 0,000** |
| *Ekki árlegt frí með fjölskyldu* | | | | | | *N* = 11.911 |
| Konur og kvár | 30,7% | 14,3% | 51,4% | 25,3% | 25,9% | 0,000** |
| Karlar | 24,8% | 11,7% | 38,7% | 22,6% | 20,5% | 0,000** |
| Öll | 27,3% | 12,9% | 46,6% | 23,9% | 23,0% | 0,000** |
| *Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag* | | | | | | *N* = 11.905 |
| Konur og kvár | 7,1% | 3,9% | 23,1% | 10,3% | 8,2% | 0,000** |
| Karlar | 5,2% | 3,5% | 16,2% | 9,2% | 6,0% | 0,000** |
| Öll | 6,0% | 3,7% | 20,4% | 9,7% | 7,0% | 0,000** |
| *Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum* | | | | | | *N* = 11.917 |
| Konur og kvár | 33,4% | 22,3% | 53,4% | 36,9% | 32,2% | 0,000** |
| Karlar | 28,9% | 18,5% | 39,2% | 31,8% | 26,4% | 0,000** |
| Öll | 30,8% | 20,2% | 48,0% | 34,2% | 29,1% | 0,000** |
| *Ekki efni á síma* | | | | | | *N* = 11.904 |
| Konur og kvár | 1,5% | 0,7% | 3,8% | 1,7% | 1,5% | 0,000** |
| Karlar | 1,0% | 0,6% | 1,0% | 1,2% | 0,9% | 0,000** |
| Öll | 1,2% | 0,6% | 2,7% | 1,4% | 1,2% | 0,000** |
| *Ekki efni á sjónvarpstæki* | | | | | | *N* = 11.905 |
| Konur og kvár | 2,2% | 1,7% | 6,3% | 5,6% | 3,1% | 0,000** |
| Karlar | 2,3% | 1,9% | 4,3% | 5,1% | 2,8% | 0,000** |
| Öll | 2,2% | 1,8% | 5,5% | 5,3% | 3,0% | 0,000** |
| *Ekki efni á þvottavél* | | | | | | *N* = 11.905 |
| Konur og kvár | 2,4% | 1,7% | 4,6% | 4,1% | 2,7% | 0,000** |
| Karlar | 2,0% | 1,4% | 4,6% | 3,8% | 2,3% | 0,000** |
| Öll | 2,2% | 1,6% | 4,6% | 3,9% | 2,5% | 0,000** |
| *Ekki efni á bíl* | | | | | | *N* = 11.905 |
| Konur og kvár | 7,4% | 8,0% | 20,4% | 17,2% | 11,0% | 0,000** |
| Karlar | 7,3% | 7,7% | 19,2% | 18,2% | 10,3% | 0,000** |
| Öll | 7,3% | 7,8% | 19,9% | 17,7% | 10,6% | 0,000** |
| *Ekki nægileg upphitun* | | | | | | *N* = 11.904 |
| Konur og kvár | 1,5% | 0,8% | 3,6% | 1,6% | 1,5% | 0,000** |
| Karlar | 1,7% | 0,9% | 1,0% | 0,7% | 1,2% | 0,000** |
| Öll | 1,6% | 0,8% | 2,6% | 1,1% | 1,3% | 0,000** |

Í töflu 12 hafa þættir er varða efnislegan skort verið teknir saman eftir kyni og fjölskyldustöðu. Í töflunni eru teknir saman þeir níu þættir sem sýndir eru í töflu 11 og saman mæla efnislegan skort. Þau sem ekki hafa efni á þremur þáttum sem upptaldir eru hafa verið skilgreind þannig að þau búi við efnislegan skort. Þau sem ekki hafa efni á fjórum eða fleiri þáttum búa samkvæmt sömu skilgreiningu við verulegan efnislegan skort. Hlutfallslega fleiri karlar (57,7%) en konur (51%) þurfa ekki að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru. Fleiri konur en karlar þurfa að neita sér um einn (19,8% á móti 17%), tvo (12,4% á móti 10,4%), þrjá (6,2% á móti 5,2%) og fjóra eða fleiri (4,5% á móti 3,9%) efnislega þætti.

Þegar fjöldi þátta efnislegs skorts er greindur eftir fjölskyldustöðu sést töluverður munur. Einstæðar mæður standa verst en hlutfallslega fleiri í þeirra hópi hafa þurft að neita sér um tvo (21,1%), þrjá (13,7%) eða fjóra eða fleiri (12,1%) efnislega þætti samanborið við aðra hópa. Þótt einstæðir feður standi ögn betur en einstæðar mæður er staða þeirra einnig í flestum tilfellum verri samanborið við fólk í sambúð með börnum eða sambúð án barna. Munurinn eftir fjölskyldustöðu er tölfræðilega marktækur og helst marktækur hvort tveggja í hópi karla og kvenna.

**Tafla 12.** *Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | |
| Engin skortur | 48,7% | 65,2% | 24,7% | 43,8% | 51,0% | 0,000** |
| Einn þáttur | 21,0% | 16,1% | 20,6% | 23,3% | 19,8% | *N* = 7.202 |
| Tveir þættir | 14,7% | 8,1% | 21,1% | 11,7% | 12,4% | |
| Efnislegu skortur | 5,6% | 3,9% | 13,7% | 7,6% | 6,2% | |
| Verulegur efnislegur skortur | 3,9% | 2,0% | 12,1% | 6,1% | 4,5% | |
| Vil ekki svara | 6,1% | 4,7% | 7,8% | 7,6% | 6,1% | |
| *Karlar* | | | | | | |
| Engin skortur | 55,6% | 69,2% | 41,6% | 46,7% | 57,7% | 0,000** |
| Einn þáttur | 19,0% | 12,5% | 16,7% | 20,6% | 17,0% | *N* = 5.414 |
| Tveir þættir | 12,5% | 7,2% | 14,7% | 10,9% | 10,4% | |
| Efnislegu skortur | 5,0% | 3,4% | 10,2% | 7,4% | 5,2% | |
| Verulegur efnislegur skortur | 3,4% | 2,1% | 11,0% | 5,9% | 3,9% | |
| Vil ekki svara | 4,5% | 5,6% | 5,7% | 8,5% | 5,8% | |
| *Öll* | | | | | | |
| Engin skortur | 52,6% | 67,4% | 31,1% | 45,4% | 54,6% | 0,000** |
| Einn þáttur | 19,9% | 14,2% | 19,1% | 21,8% | 18,3% | *N* = 12.616 |
| Tveir þættir | 13,4% | 7,6% | 18,7% | 11,3% | 11,4% | |
| Efnislegu skortur | 5,3% | 3,6% | 12,4% | 7,5% | 5,7% | |
| Verulegur efnislegur skortur | 3,6% | 2,0% | 11,7% | 6,0% | 4,2% | |
| Vil ekki svara | 5,2% | 5,2% | 7,0% | 8,1% | 6,0% | |

Niðurstöður um efnislegan skort eftir uppruna og kyni eru birtar í töflu 13. Hlutfallslega búa fleiri innflytjendur og fólk með erlendan bakgrunn við skort á öllum þeim þáttum sem upptaldir eru samanborið við innfædda. Fleiri innflytjendur og fólk með erlendan bakgrunn eru í vanskilum á leigu eða lánum (8,6% og 6,5% á móti 3,6%), geta ekki mætt óvæntum útgjöldum (38,7% og 31,6% á móti 25,2%), hafa ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldu (31,9% og 26,6% á móti 19,5%), á kjöt-, fisk eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag (11,2% og 9,9% á móti 5,3%), á síma (2,7% og 1,8% á móti 0,5%), á sjónvarpstæki (6,2% og 5% á móti 1,7%), á þvottavél (4,2% og 4,2% á móti 1,8%), á bíl (19,9% og 13,5% á móti 6,9%) og nægilegri upphitun (1,9% og 1,6% á móti 1,1%).

**Tafla 13.** *Efnislegur skortur eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Vanskil á leigu/lánum* | | | | | *N* = 12.145 |
| Konur og kvár | 3,1% | 7,8% | 4,1% | 4,5% | 0,000** |
| Karlar | 3,9% | 9,4% | 8,6% | 5,6% | 0,000** |
| Öll | 3,6% | 8,6% | 6,5% | 5,1% | |
| *Ekki árlegt frí með fjölskyldu* | | | | | *N* = 12.151 |
| Konur og kvár | 22,5% | 31,9% | 34,4% | 25,7% | 0,000** |
| Karlar | 16,9% | 30,3% | 19,6% | 20,5% | 0,000** |
| Öll | 19,5% | 31,1% | 26,6% | 22,9% | |
| *Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag* | | | | | *N* = 12.145 |
| Konur og kvár | 6,8% | 10,9% | 13,4% | 8,2% | 0,000** |
| Karlar | 4,1% | 11,4% | 6,7% | 6,1% | 0,000** |
| Öll | 5,3% | 11,2% | 9,9% | 7,1% | |
| *Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum* | | | | | *N* = 12.157 |
| Konur og kvár | 29,1% | 38,6% | 35,9% | 32,1% | 0,000** |
| Karlar | 21,9% | 38,9% | 27,6% | 26,6% | 0,000** |
| Öll | 25,2% | 38,7% | 31,6% | 29,1% | |
| *Ekki efni á síma* | | | | | *N* = 12.143 |
| Konur og kvár | 0,6% | 3,5% | 1,8% | 1,5% | 0,000** |
| Karlar | 0,5% | 1,9% | 1,9% | 0,9% | 0,000** |
| Öll | 0,5% | 2,7% | 1,8% | 1,2% | |
| *Ekki efni á sjónvarpstæki* | | | | | *N* = 12.144 |
| Konur og kvár | 1,6% | 6,6% | 4,6% | 3,2% | 0,000** |
| Karlar | 1,8% | 5,9% | 5,4% | 3,0% | 0,000** |
| Öll | 1,7% | 6,2% | 5,0% | 3,1% | |
| *Ekki efni á þvottavél* | | | | | *N* = 12.144 |
| Konur og kvár | 2,0% | 4,3% | 5,0% | 2,7% | 0,000** |
| Karlar | 1,7% | 4,1% | 3,6% | 2,4% | 0,000** |
| Öll | 1,8% | 4,2% | 4,2% | 2,6% | |
| *Ekki efni á bíl* | | | | | *N* = 12.144 |
| Konur og kvár | 6,8% | 20,5% | 13,9% | 11,1% | 0,000** |
| Karlar | 7,0% | 19,3% | 13,2% | 10,5% | 0,000** |
| Öll | 6,9% | 19,9% | 13,5% | 10,8% | |
| *Ekki nægileg upphitun* | | | | | *N* = 12.143 |
| Konur og kvár | 1,0% | 2,6% | 1,5% | 1,5% | 0,000** |
| Karlar | 1,1% | 1,3% | 1,7% | 1,2% | 0,000** |
| Öll | 1,1% | 1,9% | 1,6% | 1,3% | |

Í töflu 14 sést fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir uppruna og kyni. Í töflunni eru teknir saman þeir níu þættir sem sýndir eru í töflu 13 og saman mæla efnislegan skort. Mun fleiri innfæddir (63,3%) en innflytjendur (34,5%) og fólk með erlendan bakgrunn (50,3%) þurfa ekki að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru. Að sama skapi þurfa fleiri í hópi innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn að neita sér um einn (26,5% og 16,3% á móti 14,8%), tvo (14% og 14,3% á móti 10%), þrjá (8,2% og 6,8% á móti 4,5%) og fjóra eða fleiri (6,7% og 5,9% á móti 3,1%) efnislega þætti. Munurinn eftir uppruna er tölfræðilega marktækur og helst marktækur hvort tveggja í hópi karla og kvenna.

**Tafla 14.** *Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Engin skortur | 58,7% | 34,8% | 45,1% | 51,0% | 0,000** |
| Einn þáttur | 16,8% | 26,5% | 17,6% | 19,7% | *N* = 7.368 |
| Tveir þættir | 11,4% | 14,2% | 14,3% | 12,3% | |
| Efnislegu skortur | 5,4% | 7,8% | 7,3% | 6,2% | |
| Verulegur efnislegur skortur | 3,1% | 7,3% | 7,6% | 4,5% | |
| Vil ekki svara | 4,7% | 9,4% | 8,1% | 6,2% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Engin skortur | 67,2% | 34,1% | 55,3% | 57,5% | 0,000** |
| Einn þáttur | 13,2% | 26,5% | 15,1% | 17,0% | *N* = 5.523 |
| Tveir þættir | 8,8% | 13,8% | 14,3% | 10,4% | |
| Efnislegu skortur | 3,8% | 8,6% | 6,3% | 5,2% | |
| Verulegur efnislegur skortur | 3,1% | 6,2% | 4,2% | 4,0% | |
| Vil ekki svara | 4,0% | 10,8% | 4,8% | 5,9% | |
| *Öll* | | | | | |
| Engin skortur | 63,3% | 34,5% | 50,3% | 54,5% | 0,000** |
| Einn þáttur | 14,8% | 26,5% | 16,3% | 18,2% | *N* =12.891 |
| Tveir þættir | 10,0% | 14,0% | 14,3% | 11,3% | |
| Efnislegu skortur | 4,5% | 8,2% | 6,8% | 5,7% | |
| Verulegur efnislegur skortur | 3,1% | 6,7% | 5,9% | 4,3% | |
| Vil ekki svara | 4,3% | 10,1% | 6,4% | 6,1% | |

### 3.1.5 Fjárhagsaðstoð

Niðurstöður um hvort launafólk hafi fengið fjárhagsaðstoð síðasta árið eftir kyni og fjölskyldugerð koma fram í töflu 15. Þær sýna að konur hafa í meira mæli fengið fjárhagsaðstoð frá sveitafélagi (1,6% á móti 1,5%), frá ættingjum og vinum (14,9% á móti 10,4%), fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (1,1% á móti 0,9%) og mataraðstoð (1,7% á móti 1%).

Hæst er hlutfall einstæðra mæðra sem hefur fengið fjárhagsaðstoð á vegum sveitafélags (6,5%), aðstoð frá vinum eða ættingjum (33%), fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (5,7%) og mataraðstoð (7,2%).

**Tafla 15.** *Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags* | | | | | | *N* = 12.361 |
| Konur og kvár | 0,7% | 0,7% | 6,5% | 2,0% | 1,6% | 0,000** |
| Karlar | 2,0% | 0,5% | 2,7% | 1,9% | 1,5% | 0,000** |
| Öll | 1,4% | 0,6% | 5,1% | 1,9% | 1,5% | 0,000** |
| *Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar- eða peningagjafa* | | | | | | *N* = 12.365 |
| Konur og kvár | 16,8% | 8,0% | 33,0% | 14,4% | 14,9% | 0,000** |
| Karlar | 13,3% | 5,0% | 19,9% | 12,0% | 10,4% | 0,000** |
| Öll | 14,8% | 6,4% | 28,1% | 13,1% | 12,5% | 0,000** |
| *Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum* | | | | | | *N* = 12.360 |
| Konur og kvár | 0,5% | 0,3% | 5,7% | 1,3% | 1,1% | 0,000** |
| Karlar | 1,0% | 0,3% | 2,9% | 1,5% | 0,9% | 0,000** |
| Öll | 0,8% | 0,3% | 4,7% | 1,4% | 1,0% | 0,000** |
| *Mataraðstoð* | | | | | | *N* = 12.361 |
| Konur og kvár | 1,0% | 0,6% | 7,2% | 2,2% | 1,7% | 0,000** |
| Karlar | 1,5% | 0,2% | 2,3% | 1,3% | 1,0% | 0,000** |
| Öll | 1,3% | 0,4% | 5,4% | 1,7% | 1,3% | 0,000** |

Í töflu 16 hafa þættir er varða fjárhagsaðstoð verið teknir saman eftir kyni og fjölskyldustöðu. Í töflunni eru teknir saman þeir fjórir þættir sem sýndir eru í töflu 15. Lang lægst er hlutfall einstæðra foreldra sem ekki hafa þurft að nýta neina þeirrar aðstoðar sem spurt var um eða 62,8%. Að sama skapi er hlutfall þeirra hæst þegar litið er til þeirra sem hafa fengið eina gerð aðstoðar (25,7%), tvær (3,7%) og þrjár eða fleiri (2,5%).

**Tafla 16.** *Fjárhagsaðstoð (samanteknir þættir) á síðastliðnum 12 mánuðum eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | |
| Ekkert | 80,5% | 89,3% | 58,1% | 80,2% | 81,2% | 0,000** |
| Einn þátt | 16,5% | 7,8% | 29,1% | 13,5% | 14,1% | *N* = 7.262 |
| Tvo þætti | 0,8% | 0,5% | 5,1% | 2,1% | 1,4% | |
| Þrjá til fjóra þætti | 0,2% | 0,2% | 3,5% | 0,4% | 0,6% | |
| Vil ekki svara | 2,1% | 2,2% | 4,2% | 3,8% | 2,7% | |
| *Karlar* | | | | | | |
| Ekkert | 83,1% | 92,6% | 70,6% | 81,3% | 85,4% | 0,000** |
| Einn þátt | 12,0% | 4,9% | 20,1% | 12,9% | 10,2% | *N* = 5.454 |
| Tvo þætti | 1,8% | 0,5% | 1,3% | 1,0% | 1,1% | |
| Þrjá til fjóra þætti | 0,5% | 0,0% | 1,0% | 0,3% | 0,3% | |
| Vil ekki svara | 2,6% | 2,0% | 6,9% | 4,5% | 3,0% | |
| *Öll* | | | | | | |
| Ekkert | 82,0% | 91,1% | 62,8% | 80,8% | 83,4% | 0,000** |
| Einn þátt | 14,0% | 6,2% | 25,7% | 13,1% | 12,0% | *N* = 12.716 |
| Tvo þætti | 1,3% | 0,5% | 3,7% | 1,5% | 1,3% | |
| Þrjá til fjóra þætti | 0,3% | 0,1% | 2,5% | 0,3% | 0,4% | |
| Vil ekki svara | 2,4% | 2,1% | 5,2% | 4,2% | 2,9% | |

Tafla 17 sýnir hvort svarendur hafi fengið einhverskonar fjárhagsaðstoð síðastliðið ár eftir kyni og uppruna. Hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra hefur þurft að nota allar þær gerðir aðstoðar sem spurt var um í könnuninni. Hæst er hlutfall innflytjendakvenna sem hafa þurft að fá fjárhagsaðstoð á vegum sveitafélags (3%), fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum (2%) og mataraðstoð (2,5%). Konur með erlendan bakgrunn hafa í mestu mæli fengið aðstoð frá vinum eða ættingjum (19,8%).

**Tafla 17.** *Fjárhagsaðstoð síðastliðna 12 mánuði eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags* | | | | | *N* = 12.614 |
| Konur og kvár | 1,0% | 3,0% | 1,0% | 1,6% | 0,000** |
| Karlar | 1,2% | 2,5% | 0,4% | 1,5% | 0,000** |
| Öll | 1,1% | 2,7% | 0,7% | 1,5% | 0,000** |
| *Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar- eða peningagjafa* | | | | | *N* = 12.618 |
| Konur og kvár | 14,6% | 14,3% | 19,8% | 14,7% | 0,000** |
| Karlar | 10,1% | 11,1% | 10,9% | 10,4% | 0,000** |
| Öll | 12,2% | 12,6% | 15,3% | 12,4% | 0,000** |
| *Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum* | | | | | *N* = 12.613 |
| Konur og kvár | 0,7% | 2,0% | 1,5% | 1,1% | 0,000** |
| Karlar | 0,8% | 1,4% | 0,6% | 1,0% | 0,000** |
| Öll | 0,7% | 1,7% | 1,0% | 1,0% | 0,000** |
| *Mataraðstoð* | | | | | *N* = 12.615 |
| Konur og kvár | 1,4% | 2,5% | 2,2% | 1,7% | 0,000** |
| Karlar | 0,8% | 1,7% | 1,7% | 1,1% | 0,000** |
| Öll | 1,0% | 2,1% | 2,0% | 1,4% | 0,000** |

Í töflu 18 hafa þættir er varða fjárhagsaðstoð verið teknir saman eftir kyni og uppruna. Í töflunni eru teknir saman þeir fjórir þættir sem sýndir eru í töflu 17. Hlutfall innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn sem ekki hefur þurft neina þeirra aðstoða sem spurt var um er lægst (79,9% og 80,3%) samanborið við innfædd (85%). Að sama skapi hafa innflytjendur og fólk með erlendan bakgrunn í meira mæli þurft að nýta eina (13,1% og 13,2%), tvær (1,6% og 1,7%) og þrjár eða fleiri (0,6% og 0,5%) gerðir aðstoðar.

**Tafla 18.** *Fjárhagsaðstoð (samanteknir þættir) síðastliðna 12 mánuði eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Ekkert | 82,8% | 78,4% | 76,8% | 81,2% | 0,000** |
| Einn þátt | 13,4% | 14,7% | 17,8% | 14,0% | *N* = 7.432 |
| Tvo þætti | 1,3% | 1,5% | 1,4% | 1,4% | |
| Þrjá til fjóra þætti | 0,4% | 1,0% | 1,0% | 0,6% | |
| Vil ekki svara | 2,1% | 4,5% | 3,0% | 2,8% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Ekkert | 86,9% | 81,3% | 83,5% | 85,2% | 0,000** |
| Einn þátt | 9,6% | 11,6% | 8,8% | 10,1% | *N* = 5.568 |
| Tvo þætti | 0,9% | 1,7% | 2,0% | 1,1% | |
| Þrjá til fjóra þætti | 0,4% | 0,2% | 0,0% | 0,3% | |
| Vil ekki svara | 2,3% | 5,1% | 5,7% | 3,2% | |
| *Öll* | | | | | |
| Ekkert | 85,0% | 79,9% | 80,3% | 83,4% | 0,000** |
| Einn þátt | 11,3% | 13,1% | 13,2% | 11,9% | *N* =13.000 |
| Tvo þætti | 1,1% | 1,6% | 1,7% | 1,3% | |
| Þrjá til fjóra þætti | 0,4% | 0,6% | 0,5% | 0,4% | |
| Vil ekki svara | 2,2% | 4,8% | 4,4% | 3,0% | |

### 3.1.6 Yfirdráttur, smálán, bílalán og önnur skammtímalán

Tafla 19 sýnir hlutfall launafólks sem er með yfirdrátt, smálán, bílalán, önnur skammtímalán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim eftir kyni og fjölskyldustöðu. Taflan sýnir að alls eru 35,4% með yfirdrátt, 7,4% með smálán, 30,9% með bílalán, 14,9% með önnur skammtímalán og 15,8% með lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim.

Hæst er hlutfall einstæðra mæðra sem er með yfirdrátt (46,2%), smálán (17,2%) og lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim (32,7%). Hæst er hlutfall einstæðra feðra sem er með önnur skammtímalán (20%) en hæst er hlutfall karla í sambúð með börn sem eru með bílalán (42,9%).

**Tafla 19.** *Hlutfall þeirra sem eru með yfirdrátt, smálán, bílalán, önnur skammtímalán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Yfirdrátt* | | | | | | *N* = 12.283 |
| Konur og kvár | 42,0% | 28,6% | 46,2% | 30,7% | 35,4% | 0,000** |
| Karlar | 40,9% | 29,9% | 43,9% | 32,4% | 35,5% | 0,000** |
| Öll | 41,4% | 29,3% | 45,3% | 31,6% | 35,4% | 0,000** |
| *Smálán* | | | | | | *N* = 12.283 |
| Konur og kvár | 9,8% | 4,4% | 17,2% | 6,2% | 7,9% | 0,000** |
| Karlar | 8,0% | 4,4% | 10,2% | 8,4% | 6,9% | 0,000** |
| Öll | 8,8% | 4,4% | 14,4% | 7,4% | 7,4% | 0,000** |
| *Bílalán* | | | | | | *N* = 12.283 |
| Konur og kvár | 41,0% | 28,1% | 26,2% | 19,0% | 30,3% | 0,000** |
| Karlar | 42,9% | 29,5% | 18,6% | 16,4% | 31,3% | 0,000** |
| Öll | 42,1% | 28,8% | 23,2% | 17,6% | 30,9% | 0,000** |
| *Önnur skammtímalán* | | | | | | *N* = 12.283 |
| Konur og kvár | 18,6% | 11,6% | 19,3% | 12,5% | 15,0% | 0,000** |
| Karlar | 19,2% | 9,5% | 20,0% | 14,0% | 14,8% | 0,000** |
| Öll | 19,0% | 10,5% | 19,5% | 13,3% | 14,9% | 0,000** |
| *Lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim* | | | | | | *N* = 12.283 |
| Konur og kvár | 18,8% | 8,6% | 32,7% | 16,0% | 16,0% | 0,000** |
| Karlar | 18,5% | 8,8% | 24,0% | 19,2% | 15,6% | 0,000** |
| Öll | 18,6% | 8,7% | 29,3% | 17,7% | 15,8% | 0,000** |

Tafla 20 sýnir hlutfall launafólks sem er með yfirdrátt smálán, bílalán, önnur skammtímalán eða lán frá vinum eða ættingjum greint eftir kyni og uppruna. Ef litið er til þeirra sem eru með yfirdrátt sést að hlutfallið er hæst meðal þeirra sem hafa erlendan bakgrunn (37,2%), næst hæst hjá innfæddum (36,6%) en lægst hjá innflytjendum (32,1%). Hins vegar er hærra hlutfall innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn sem eru með smálán (13,6% og 11,6%), önnur skammtímalán (19,1% og 17,9%) og lán hjá vini eða ættingja (19,6% og 17,5%). Hæst er hlutfall innfæddra sem er með bílalán (32%).

**Tafla 20.** *Hlutfall launafólks þeirra sem eru með yfirdrátt, smálán, bílalán, önnur skammtímalán eða lán hjá vini/fjölskyldumeðlim eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Yfirdrátt* | | | | | *N* = 12.541 |
| Konur og kvár | 37,6% | 30,1% | 36,6% | 35,4% | 0,000** |
| Karlar | 35,8% | 33,9% | 37,8% | 35,4% | 0,000** |
| Öll | 36,6% | 32,1% | 37,2% | 35,4% | 0,000** |
| *Smálán* | | | | | *N* = 12.541 |
| Konur og kvár | 5,0% | 14,1% | 11,3% | 7,9% | 0,000** |
| Karlar | 4,3% | 13,1% | 12,0% | 7,0% | 0,000** |
| Öll | 4,6% | 13,6% | 11,6% | 7,4% | 0,000** |
| *Bílalán* | | | | | *N* = 12.541 |
| Konur og kvár | 31,2% | 27,7% | 29,5% | 30,2% | 0,000** |
| Karlar | 32,6% | 28,4% | 27,3% | 31,3% | 0,000** |
| Öll | 32,0% | 28,1% | 28,4% | 30,7% | 0,000** |
| *Önnur skammtímalán* | | | | | *N* = 12.541 |
| Konur og kvár | 13,3% | 17,7% | 19,2% | 14,8% | 0,000** |
| Karlar | 12,6% | 20,3% | 16,7% | 14,8% | 0,000** |
| Öll | 12,9% | 19,1% | 17,9% | 14,8% | 0,000** |
| *Lán hjá vini eða fjölskyldumeðlim* | | | | | *N* = 12.541 |
| Konur og kvár | 14,6% | 18,8% | 16,1% | 15,9% | 0,000** |
| Karlar | 13,4% | 20,4% | 18,8% | 15,5% | 0,000** |
| Öll | 14,0% | 19,6% | 17,5% | 15,7% | 0,000** |

### 3.1.7 Fjárskortur komið í veg fyrir að hægt sé að greiða þætti fyrir börn

Svarendur sem voru með börn undir 18 ára á heimilinu voru beðnir um að svara hvort fjárskortur síðastliðna 12 mánuði hefði komið í veg fyrir að það gæti meðal annars greitt fyrir leikskólagjöld, frístund, skólamáltíðir, skipulagðar tómstundir, nauðsynlegan fatnað fyrir börnin sín og fleira. Niðurstöðurnar eru birtar í töflu 21, greindar eftir kyni og fjölskyldustöðu.

Taflan sýnir að algengast er að foreldrar hafi ekki getað greitt fyrir nauðsynlegan fatnað (15,1%) og afmælis- og/eða jólagjafir (15,1%), næst kostnað vegna félagslífs (14,9%), eins næringarríkan mat eins og foreldrið telur barnið þurfa (12,9%), kostnað vegna skipulagðra tómstunda (12,6%) en lægra hlutfall foreldra gat ekki greitt fyrir aðra þætti eins og kostnað vegna skólaferðalags eða annarra viðburða tengdum skóla (6,1%), mat í skóla (5,9%), leikskólagjöld (4,3%), gjöld fyrir frístund (4,1%), skólabækur eða annan námskostnað (3,7%) og skólagjöld í framhaldsskóla (2,4%).

Þegar litið er til fjölskyldustöðu sést að meðal þeirra sem ekki hafa getað greitt fyrir einhverja þeirra þátta sem fram komu í töflunni er hlutfallið hæst meðal einstæðra mæðra þegar kemur að því að greiða fyrir leikskólagjöld (7,6%), skólagjöld í framhaldsskóla (4,6%), skólabækur eða annan námskostnað (6,8%), mat í skóla (14,3%), kostnað vegna skipulagðra

tómstunda (23,2%), kostnað vegna skólaferðalags eða skipulagðra viðburða í skóla (12,9%), kostnað vegna félagslífs (27,1%), afmælis- og/eða jólagjafir (25,3%), nauðsynlegan fatnað (25,8%) og eins næringarríkan mat og foreldrið telur barnið þurfa (25,1%). Hlutfall einstæðra feðra sem ekki geta greitt gjöld fyrir frístund er hæst (6,9%).

**Tafla 21.** *Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Einstæðir foreldrar | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Leikskólagjöld* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 3,8% | 7,6% | 4,7% | 0,000** |
| Karlar | 3,8% | 5,3% | 3,9% | 0,000** |
| Öll | 3,8% | 6,7% | 4,3% | 0,000** |
| *Gjöld fyrir frístundaheimili* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 3,7% | 5,6% | 4,1% | 0,000** |
| Karlar | 3,8% | 6,9% | 4,2% | 0,000** |
| Öll | 3,7% | 6,1% | 4,1% | 0,000** |
| *Skólagjöld í framhaldsskóla* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 2,0% | 4,6% | 2,6% | 0,000** |
| Karlar | 2,1% | 3,3% | 2,3% | 0,000** |
| Öll | 2,1% | 4,1% | 2,4% | 0,000** |
| *Skólabækur eða annan námskostnað s.s. tölvubúnað fyrir framhaldsskólanema* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 3,7% | 6,8% | 4,3% | 0,000** |
| Karlar | 2,8% | 6,7% | 3,2% | 0,000** |
| Öll | 3,1% | 6,7% | 3,7% | 0,000** |
| *Mat í skóla ( í gegnum mataráskriftir eða á annan hátt)* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 5,7% | 14,3% | 7,6% | 0,000** |
| Karlar | 4,1% | 7,8% | 4,5% | 0,000** |
| Öll | 4,8% | 11,8% | 5,9% | 0,000** |
| *Kostnað vegna skipulagðra tómstunda* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 11,9% | 23,2% | 14,4% | 0,000** |
| Karlar | 10,8% | 12,4% | 11,0% | 0,000** |
| Öll | 11,3% | 19,0% | 12,6% | 0,000** |
| *Kostnað vegan skólaferðalags eða annarra viðburða tengdum skóla (t.d. öskudagsbúning, sérstakt nesti eða búnað)* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 5,9% | 12,9% | 7,5% | 0,000** |
| Karlar | 4,2% | 10,3% | 4,9% | 0,000** |
| Öll | 4,9% | 11,9% | 6,1% | 0,000** |
| *Kostnað vegna félagslífs (s.s. afmælisgjafir fyrir vini, bíóferðir eða önnur afþreying með vinum)* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 13,4% | 27,1% | 16,4% | 0,000** |
| Karlar | 12,4% | 22,3% | 13,6% | 0,000** |
| Öll | 12,8% | 25,3% | 14,9% | 0,000** |

*Framhald á næstu síðu

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| *Afmælis- og/eða jólagjafir* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 13,5% | 25,3% | 16,1% | 0,000** |
| Karlar | 13,3% | 21,1% | 14,2% | 0,000** |
| Öll | 13,4% | 23,7% | 15,1% | 0,000** |
| *Nauðsynlegan fatnað* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 14,8% | 25,8% | 17,3% | 0,000** |
| Karlar | 12,3% | 21,0% | 13,3% | 0,000** |
| Öll | 13,4% | 23,9% | 15,1% | 0,000** |
| *Eins næringarríkan mat og þú telur barnið þurfa* | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 13,3% | 25,1% | 15,9% | 0,000** |
| Karlar | 9,6% | 16,1% | 10,4% | 0,000** |
| Öll | 11,2% | 21,7% | 12,9% | 0,000** |

Tafla 22 sýnir hlutfall foreldra með börn á heimili undir 18 ára aldri sem hafa ekki getað greitt fyrir einhverja þeirra 11 þátta sem spurt var um í könnuninni og greint frá í töflu 21 samantekið. Samanteknir þættir eru greindir eftir kyni og fjölskyldustöðu. Niðurstöðurnar sýna að hæst er hlutfall karla í sambúð þar sem fjárskortur síðastliðið ár hefur ekki komið í veg fyrir að þeir hafi getað greitt fyrir einhvern þeirra 11 þátta sem spurt var um eða 72,1%. Hlutfallið er 68,1% meðal kvenna í sambúð en 62,2% hjá einstæðum feðrum og mun lægra hjá einstæðum mæðrum eða 47,5%. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að hærra hlutfall einstæðra foreldra hefur ekki getað greitt fyrir einn (11,8% á móti 8,9%), tvo (7,2% á móti 6,7%), þrjá (8,4% á móti 5,4%), fjóra (5,8% á móti 3,9%), fimm (5,4% á móti 1,7%) eða sex eða fleiri (8,3% á móti 2,9%) þætti samanborið við sambúðarfólk.

**Tafla 22.** *Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir) eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Einstæðir foreldrar | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | |
| Engan þátt | 68,1% | 47,5% | 63,5% | 0,000** |
| Einn þátt | 9,6% | 13,4% | 10,4% | *N* = 3.063 |
| Tvo þætti | 8,0% | 7,9% | 8,0% | |
| Þrjá þætti | 5,8% | 10,4% | 6,8% | |
| Fjóra þætti | 3,0% | 6,7% | 3,8% | |
| Fimm þætti | 2,0% | 4,3% | 2,5% | |
| Sex þætti eða fleiri | 3,6% | 9,8% | 5,0% | |
| *Karlar* | | | | |
| Engan þátt | 72,1% | 62,2% | 70,9% | 0,000** |
| Einn þátt | 8,4% | 9,2% | 8,5% | *N* = 2.321 |
| Tvo þætti | 5,7% | 6,2% | 5,8% | |
| Þrjá þætti | 5,1% | 5,3% | 5,1% | |
| Fjóra þætti | 4,6% | 4,2% | 4,6% | |
| Fimm þætti | 1,6% | 7,0% | 2,2% | |
| Sex þætti eða fleiri | 2,4% | 5,8% | 2,8% | |
| *Öll* | | | | |
| Engan þátt | 70,4% | 53,1% | 67,5% | 0,000** |
| Einn þátt | 8,9% | 11,8% | 9,4% | *N* = 5.384 |
| Tvo þætti | 6,7% | 7,2% | 6,8% | |
| Þrjá þætti | 5,4% | 8,4% | 5,9% | |
| Fjóra þætti | 3,9% | 5,8% | 4,2% | |
| Fimm þætti | 1,7% | 5,4% | 2,3% | |
| Sex þætti eða fleiri | 2,9% | 8,3% | 3,8% | |

Tafla 23 sýnir hlutfall foreldra sem hafa vegna fjárskorts ekki getað greitt fyrir einhverja þá 11 þætti sem spurt var um í könnuninni greint eftir kyni og uppruna. Taflan sýnir að hærra hlutfall innflytjenda og fólks með erlendan bakgrunn gat ekki greitt fyrir leikskólagjöld (7,9% og 6,8% á móti 2,6%), gjöld fyrir frístund (7,5% og 3,3% á móti 2,8%), skólagjöld í framhaldsskóla (3,7% og 5,2% á móti 1,7%), skólabækur og annan námskostnað (5,9% og 6,4% á móti 2,7%), mat í skóla (10% og 8,3% á móti 4,1%), kostnað vegna skólaferðalags eða skipulagðra viðburða í skóla (10,8% og 6,7% á móti 4,1%), kostnað vegna félagslífs (23% og 14,4% á móti 11,6%), afmælis- og/eða jólagjafir (26,4% og 15,4% á móti 10,4%), nauðsynlegan fatnað (23,5% og 18,2% á móti 11,5%) og eins næringarríkan mat og foreldrið telur barnið þurfa (18,9% og 16% á móti 10,3%).

**Tafla 23.** *Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægst sé að greiða grunnþætti fyrir börn eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Leikskólagjöld* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 2,9% | 7,9% | 8,6% | 4,7% | 0,000** |
| Karlar | 2,5% | 7,8% | 5,1% | 3,9% | 0,000** |
| Öll | 2,6% | 7,9% | 6,8% | 4,3% | 0,000** |
| *Gjöld fyrir frístundaheimili* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 2,5% | 7,6% | 3,8% | 4,1% | 0,000** |
| Karlar | 3,1% | 7,4% | 2,8% | 4,2% | 0,000** |
| Öll | 2,8% | 7,5% | 3,3% | 4,1% | 0,000** |
| *Skólagjöld í framhaldsskóla* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 1,6% | 3,5% | 10,2% | 2,6% | 0,000** |
| Karlar | 1,7% | 3,9% | 0,8% | 2,3% | 0,000** |
| Öll | 1,7% | 3,7% | 5,2% | 2,4% | 0,000** |
| *Skólabækur eða annan námskostnað s.s. tölvubúnað fyrir framhaldsskólanema* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 3,0% | 6,3% | 9,9% | 4,3% | 0,000** |
| Karlar | 2,5% | 5,3% | 3,2% | 3,2% | 0,000** |
| Öll | 2,7% | 5,9% | 6,4% | 3,7% | 0,000** |
| *Mat í skóla ( í gegnum mataráskriftir eða á annan hátt)* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 5,4% | 11,4% | 12,9% | 7,6% | 0,000** |
| Karlar | 3,1% | 8,5% | 4,1% | 4,5% | 0,000** |
| Öll | 4,1% | 10,0% | 8,3% | 5,9% | 0,000** |
| *Kostnað vegna skipulagðra tómstunda* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 12,2% | 19,5% | 10,5% | 14,4% | 0,000** |
| Karlar | 9,9% | 14,5% | 8,2% | 11,0% | 0,000** |
| Öll | 10,9% | 17,0% | 9,3% | 12,6% | 0,000** |
| *Kostnað vegan skólaferðalags eða annarra viðburða tengdum skóla (t.d. öskudagsbúning, sérstakt nesti eða búnað)* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 4,9% | 12,5% | 10,1% | 7,5% | 0,000** |
| Karlar | 3,5% | 9,1% | 3,7% | 4,9% | 0,000** |
| Öll | 4,1% | 10,8% | 6,7% | 6,1% | 0,000** |
| *Kostnað vegna félagslífs (s.s. afmælisgjafir fyrir vini, bíóferðir eða önnur afþreying með vinum)* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 12,5% | 24,4% | 18,2% | 16,4% | 0,000** |
| Karlar | 10,9% | 21,5% | 10,9% | 13,6% | 0,000** |
| Öll | 11,6% | 23,0% | 14,4% | 14,9% | 0,000** |
| *Afmælis- og/eða jólagjafir* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 11,2% | 25,8% | 20,8% | 16,1% | 0,000** |
| Karlar | 9,8% | 27,1% | 10,5% | 14,2% | 0,000** |
| Öll | 10,4% | 26,4% | 15,4% | 15,1% | 0,000** |
| *Nauðsynlegan fatnað* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 13,3% | 24,5% | 24,9% | 17,2% | 0,000** |
| Karlar | 10,1% | 22,4% | 12,3% | 13,3% | 0,000** |
| Öll | 11,5% | 23,5% | 18,2% | 15,1% | 0,000** |
| *Eins næringarríkan mat og þú telur barnið þurfa* | | | | | *N* = 5.384 |
| Konur og kvár | 13,2% | 20,6% | 23,6% | 15,9% | 0,000** |
| Karlar | 8,0% | 17,1% | 9,1% | 10,4% | 0,000** |
| Öll | 10,3% | 18,9% | 16,0% | 12,9% | 0,000** |

Tafla 24 sýnir hlutfall foreldra með börn á heimili undir 18 ára aldri sem hafa ekki getað greitt fyrir einhverja þeirra 11 þátta sem spurt var um í könnuninni og greint frá í töflu 23 samantekið. Samanteknir þættir eru greindir eftir kyni og uppruna. Niðurstöðurnar sýna að fjárskortur hefur ekki komið í veg fyrir að hægt hafi verið að greiða fyrir einhvern aðspurðra þátta meðal mun hærra hlutfalls innfæddra (75,3%) samanborið við innflytjendur (48,5%) og fólk með erlendan bakgrunn (68,2%). Hæst er hlutfallið meðal innflytjenda sem hafa ekki getað greitt fyrir einn (15,9%), tvo (10,2%), þrjá (9,3%), fjóra (5,6%), fimm (4%) og sex eða fleiri (6,4%) þætti.

**Tafla 24.** *Fjárskortur síðastliðna 12 mánuði komið í veg fyrir að hægt sé að greiða grunnþætti fyrir börn (samanteknir þættir) eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Engan þátt | 71,6% | 47,4% | 57,4% | 63,5% | 0,000** |
| Einn þátt | 8,4% | 15,2% | 6,7% | 10,4% | *N* = 3.063 |
| Tvo þætti | 6,2% | 11,4% | 8,9% | 8,0% | |
| Þrjá þætti | 5,2% | 9,4% | 12,8% | 6,8% | |
| Fjóra þætti | 3,4% | 5,0% | 1,8% | 3,8% | |
| Fimm þætti | 2,0% | 3,4% | 3,9% | 2,5% | |
| Sex þætti eða fleiri | 3,2% | 8,1% | 8,6% | 5,0% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Engan þátt | 78,3% | 49,6% | 77,9% | 70,9% | 0,000** |
| Einn þátt | 5,8% | 16,7% | 4,5% | 8,5% | *N* = 2.321 |
| Tvo þætti | 4,8% | 9,0% | 3,7% | 5,8% | |
| Þrjá þætti | 3,7% | 9,2% | 2,8% | 5,1% | |
| Fjóra þætti | 3,8% | 6,2% | 6,9% | 4,6% | |
| Fimm þætti | 1,3% | 4,6% | 3,4% | 2,2% | |
| Sex þætti eða fleiri | 2,3% | 4,7% | 0,8% | 2,8% | |
| *Öll* | | | | | |
| Engan þátt | 75,3% | 48,5% | 68,2% | 67,5% | 0,000** |
| Einn þátt | 7,0% | 15,9% | 5,5% | 9,4% | *N* =5.384 |
| Tvo þætti | 5,4% | 10,2% | 6,1% | 6,8% | |
| Þrjá þætti | 4,4% | 9,3% | 7,6% | 5,9% | |
| Fjóra þætti | 3,6% | 5,6% | 4,5% | 4,2% | |
| Fimm þætti | 1,6% | 4,0% | 3,6% | 2,3% | |
| Sex þætti eða fleiri | 2,7% | 6,4% | 4,5% | 3,8% | |

### 3.1.8 Samanburður - fjárhagsstaða félaga 2022 og 2023

Spurningar um fjárhagsstöðu launafólks sem lagðar voru fyrir í þessari könnun eru að hluta til þær sömu og notaðar voru í sömu könnun meðal félaga í aðildarfélögum ASÍ og BSRB á síðasta ári og eru niðurstöðurnar því samanburðarhæfar (Varða – rannsóknarstofnun vinnumarkaðarins, 2022). Í töflunum hér á eftir eru bornar saman niðurstöðurnar úr könnunum tveimur hvað varðar að ná endum saman, hvort hægt væri að mæta 80.000 kr. óvæntum útgjöldum án þess að stofna til

skuldar, hvort fjárhagstaða þeirra sé betri eða verri en fyrir ári síðan og fjölda þátta sem efnislegur skortur er á.

Tafla 25 sýnir að lægra hlutfall launafólks átti mjög auðvelt (8,4% á móti 13,6%), auðvelt (11,5% á móti 16,9%) og nokkuð auðvelt (34,3% á móti 36,9% ) með á ná endum saman árið 2023 samanborið við árið áður. Á hinn boginn fjölgar í hópi þeirra sem eiga nokkuð erfitt (26,4% á móti 22,9%), erfitt (12,1% á móti 6,5%) og mjög erfitt (7,2% á móti 3,2%) með á ná endum saman á milli ára.

**Tafla 25.** *Auðvelt eða erfitt er fyrir heimilið þitt að ná endum saman? Samanburður milli ára.*

| | 2022 | 2023 |
|---|---|---|
| Mjög auðvelt | 13,6% | 8,4% |
| Auðvelt | 16,9% | 11,5% |
| Nokkuð auðvelt | 36,9% | 34,3% |
| Nokkur erfitt | 22,9% | 26,4% |
| Erfitt | 6,5% | 12,1% |
| Mjög erfitt | 3,2% | 7,2% |

Tafla 26 sýnir fjölgun, á milli ára, í hópi launafólks sem ekki getur mætt 80.000 kr. óvæntum útgjöldum án þess að stofna til skuldar og er hlutfallið 38,9% árið 2023 samanborið við 35,8% árið 2022.

**Tafla 26.** *Geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Samanburður milli ára.*

| | 2022 | 2023 |
|---|---|---|
| Já | 53,9% | 50,6% |
| Nei | 35,8% | 38,9% |
| Veit ekki | 10,4% | 10,6% |

Tafla 27 sýnir að lægra hlutfall launafólks í könnuninni í ár metur fjárhagsstöðu sýna mun betri en fyrir ári síðan samanborið við árið 2022 (6,1% á móti 7,7%). Sama á við um þau sem telja fjárhagsstöðu sína nokkuð betri (20,4% á móti 24,1%). Að sama skapi hefur hlutfall þeirra sem meta fjárhagsstöðu sína nokkuð verri (25,9% á móti 19,2%) og mun verri (12,2% á móti 6%) hækkað.

**Tafla 27.** *Fjárhagstaða betri eða verri en fyrir ári síðan. Samanburður milli ára.*

| | 2022 | 2023 |
|---|---|---|
| Mun betri | 7,7% | 6,1% |
| Nokkuð betri | 24,1% | 20,4% |
| Eins og fyrir ári síðan | 43,0% | 35,5% |
| Nokkuð verri | 19,2% | 25,9% |
| Mun verri | 6,0% | 12,2% |

Ef litið er til fjölda þátta sem saman mæla efnislega skort, líkt og sjá má í töflu 28, sést að lægra hlutfall nú en árið 2022 búa ekki við neinn skort á efnislegum gæðum (58% á móti 62,6%). Að sama skapi hefur fjölgað í hópi þeirra sem ekki hafa efni á einum (19,4% á móti 17,5%), tveimur (12% á móti 10,8%), þremur (6% á móti 5,5%) og fjórum eða fleiri (4,5% á móti 3,6%) efnislegum þáttum.

**Tafla 28.** *Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á. Samanburður milli ára.*

| | 2022 | 2023 |
|---|---|---|
| Engin skortur | 62,6% | 58,0% |
| Einn þáttur | 17,5% | 19,4% |
| Tveir þættir | 10,8% | 12,0% |
| Efnislegu skortur | 5,5% | 6,0% |
| Verulegur efnislegur skortur | 3,6% | 4,5% |

### 3.1.9 Samantekt - fjárhagsstaða félaga

Niðurstöður könnunarinnar sýna að tæplega helmingur (45,7%) launafólks á mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman. Í lífskjararannsókn Hagstofu Íslands (2022a) átti fjórðungur landsmanna erfitt með að ná endum saman. Í rannsókn Vörðu eru þátttakendur einungis félagsfólks í aðildarfélögum ASÍ og BSRB og er samsetning þess hóps að einhverju leiti frábrugðinn samsetningu allra landsmanna. Innan heildarsamtakanna tveggja eru stærstu hópar láglaunafólks og innflytjenda á íslenskum vinnumarkaði. Að sama skapi eru síðustu tölur frá Hagstofnunni frá árinu 2021 en hér er greint frá stöðu launafólks árið 2023.

Hlutfall þeirra sem eiga mjög erfitt, erfitt eða nokkuð erfitt með að ná endum saman er hærra meðal kvenna (45,8%), einstæðra mæðra og feðra (67,6% og 53%), innflytjenda kvenna og karla (56,5% og 57,1%) og kvenna og karla með erlendan bakgrunn (49,7% og 40,5%) en annarra hópa. Sama mynstur sést þegar litið er til þeirra sem ekki geta mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum án þess að stofna til skuldar. Hlutfall þeirra sem ekki geta mætt slíkum útgjöldum er hærra meðal kvenna (43,1%), einstæðra mæðra og feðra (64,4% og 49,3%), innflytjendakvenna og -karla (44,7% og 42,6%) og meðal kvenna og karla með erlendan bakgrunn (52% og 36,1%).

Þegar þeir hópar sem í mestum mælum búa við efnislegan skort eru skoðaðir sést enn og aftur sama mynstur. Konur (42,9%), einstæðar mæður og feður (67,5% og 52,6%), innflytjendakonur og -karlar (55,8% og 55,1%) og konur og karla með erlendan bakgrunn (46,8% og 39,9%) búa í meira mæli við skort á einum eða fleiri þáttum efnislegra gæða. Samkvæmt áðurnefndri lífskjararannsókn Hagstofunnar bjuggu 4,2% landsmanna við efnislegan skort árið 2021 en hlutfallið var mun hærra meðal fólks í leiguhúsnæði eða 10,9% (Hagstofa Íslands, 2020d). Ef litið er til þeirra sem búa við verulegan skort á efnislegum gæðum sést vel hvaða hópar það eru sem búa við hvað versta fjárhagslega stöðu en einstæðar mæður (7,8%) einhleyprar konur og karlar (7,6% og 8,5%), innflytjendakonur og -karlar (9,4% og 10,8%) og konur með erlendan bakgrunn (8,1%) eru þeir hópar sem eru í mestri hættu á að búa við efnislegan skort.

Það skildi engan undra að þegar greint er hvaða hópar þurfa í mestum mælir að leita fjárhagsaðstoðar í einhverju formi sést að það eru þeir hópar sem ítrekað mælast þeir verst settu út frá fjárhagslegri stöðu. Lang algengast er að einstæðar mæður hafi þurft að sækja einhverskonar fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum (37,7%) og sama á við um hátt hlutfall einstæðra feðra (22,4%), innflytjendakvenna (17,2%) og innflytjendakarla (13,5%). Þessir sömu hópar eru að sama skapi auk þess í mestum mæli með smálán og lán hjá vini eða fjölskyldu. Slæm fjárhagsstaða ofangreindra hópa hefur ekki einungis áhrif á lífsskilyrði þess fólks heldur einnig á aðstæður barna þeirra. Niðurstöður könnunarinnar sýna að sú slæma fjárhagsstaða sem einstæðar mæður og feður og innflytjendur búa við hefur þau áhrif að þessir hópar eru lang líklegastir til að geta ekki greitt fyrir grundvallarþætti eins og nauðsynlegan fatnað, næringarríkan mat, tómstundir og félagslíf í tengslum við skólastarf sökum slæmrar fjárhagsstöðu.

Þegar niðurstöður könnunarinnar 2023 eru skoðaðar í samanburði við niðurstöður sömu könnunar árið 2022 sést að á öllum þeim þáttum er varða fjárhagsstöðu og bornir eru saman milli ára hefur hlutfall þeirra sem á erfitt með að ná endum saman, geta ekki mætt óvæntum 80.000 kr. útgjöldum, búa við verri fjárhagsstöðu en fyrir ári og búa við efnislegan skort, aukist.

### 3.1.10 Summary - Financial Standing

The survey outcomes show that close to a half (44.1%) of workers find it very difficult, difficult, or somewhat difficult to make ends meet. In Statistics Iceland's (Hagstofa Íslands) survey on income and living conditions in Iceland (2022a), a fourth of the population struggled to make ends meet. This Varða survey is posed only to members of unions that affiliate to ASÍ (Icelandic Confederation of Labour) and BSRB (Federation of Public Worker Unions in Iceland), and the composition of participants is different from the general population. A large majority of low-income and immigrant workers in the Icelandic labour market belong to these two federations, ASÍ and BSRB. It should also be mentioned that the most recent statistics from Statistics Iceland represent the situation in 2021, but this survey represent the situation in 2023.

The proportion of those who find it very difficult, difficult, or somewhat difficult to make ends meet is higher among women (45.8%), single mothers and fathers (67.6% and 53%), immigrant women and men (56.5% and 57.1%), and women and men with a foreign background (49.7% and 40.5%), compared to other groups. The same pattern appears when we look at people ability to meet an unexpected cost of 80,000 ISK without going into debt. The proportion of those who are not able to meet such unexpected cost is higher among women (43.1%), single mothers and fathers (64.4% and 49.3%), immigrant women and men (44.7% and 42.6%), and among women and men with a foreign background (52% and 36.1%), than others.

The same pattern reappears when we look at which groups are most likely to suffer material deprivation. Women (42.9%), single mothers and fathers (67.5% and 52.6%), immigrant women and men (55.8% and 55.1%), and women and men with a foreign background (46.8% and 39.9%) are more likely to lack one or more of the factors used to measure material deprivation. According to the aforementioned Statistics Iceland's survey on income and living conditions in Iceland, 4.2% of the population suffered material deprivation in 2021, but the proportion was much higher among those on the rental market, or 10.9% (Statistics Iceland, 2020d). Those most likely to suffer significant material deprivation are single mothers (7.8%), single women and men (7.6% and 8.5%), immigrant women and men (9.4% and 10.8%), and women with a foreign background (8.1%), indicating which groups have the worst financial standing.

It is not surprising to see that those who are most likely to seek financial support in some form are the same groups that over and again report the worst financial situation. Single mothers are by far the most likely to have had to seek some form of financial support in the last 12 months

(37.7%), followed by single fathers (22.4%), immigrant women (17.2%), and immigrant men (13.5%). Those same groups are also most likely to have microloans, or loans from friends or family members. The poor financial situation of the aforementioned groups affects not only the individuals themselves but also their children. The survey outcomes show that the poor financial situation of single mothers and fathers, as well as immigrants, means that these same groups are by far more likely than others to report not being able to pay for basic things such as necessary clothing, nutritious meals, organised recreational activities, and school-related social events, due to their poor financial situation.

When comparing the 2023 survey outcomes to the same survey from 2022, we see that the proportion of those who struggle to make ends meet, who are not able to meet an unexpected cost of 80,000 ISK, whose financial situation is worse now than one year ago, and those who suffer material deprivation, is higher now than in 2022.

## 3.2 Staða launafólks á húsnæðismarkaði

Hér á eftir verður staða félaga innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB á húsnæðismarkaði skoðuð. Fyrst í hvers konar húsnæði félagarnir búa, byrði húsnæðiskostaðar og hvernig húsnæðislán þau sem eru í eigin húsnæði eru með.

Tafla 29 sýnir að meirihluti félagsfólks býr í eigin húsnæði (63,4% kvenna og 63% karla). Nokkuð lægra hlutfall er í húsnæði á almennum leigumarkaði (23,3% kvenna og 25,2% karla) og mun lægra hlutfall í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum (4,3% kvenna og 2,6% karla). Mikill munur er á stöðu á húsnæðismarkaði eftir fjölskyldustöðu. Mikill meirihluti barnafólks í sambúð býr í eigin húsnæði (77% kvenna og 77% karla) og sama má segja um sambúðarfólk (70,8% kvenna og 71,8% karla). Hins vegar eru eingöngu 36,9% einstæðra mæðra og 32,4% einstæðra feðra í eigin húsnæði. Sá hópur sem er hlutfallslega oftast í leiguhúsnæði á almennum leigumarkaði eru einstæðir feður (36,2%) en einstæðar mæður eru sá hópur sem algengast er að búi í húsnæði óhagnaðardrifinna leigusamtaka (13,3%).

**Tafla 29.** *Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | |
| Eigin húsnæði | 77,0% | 70,8% | 36,9% | 42,3% | 63,4% | 0,000** |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 16,7% | 20,2% | 29,6% | 35,6% | 23,3% | *N* = 7.242 |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 2,6% | 2,4% | 13,3% | 6,0% | 4,3% | |
| Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda | 0,7% | 0,8% | 0,9% | 3,0% | 1,3% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 2,4% | 4,6% | 17,5% | 11,1% | 6,6% | |
| Annað | 0,6% | 1,2% | 1,9% | 2,0% | 1,2% | |
| *Karlar* | | | | | | |
| Eigin húsnæði | 77,0% | 71,8% | 32,4% | 31,4% | 63,0% | 0,000** |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 17,7% | 20,1% | 36,2% | 43,8% | 25,2% | *N* = 5.446 |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 2,1% | 1,9% | 5,3% | 4,1% | 2,6% | |
| Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda | 0,8% | 2,0% | 0,8% | 3,5% | 1,8% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 1,8% | 3,2% | 25,3% | 15,3% | 6,5% | |
| Annað | 0,5% | 0,9% | 0,0% | 2,0% | 0,9% | |
| *Öll* | | | | | | |
| Eigin húsnæði | 77,0% | 71,3% | 35,2% | 36,4% | 63,2% | 0,000** |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 17,3% | 20,2% | 32,1% | 40,0% | 24,3% | *N* = 12.688 |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 2,3% | 2,1% | 10,2% | 5,0% | 3,4% | |
| Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda | 0,8% | 1,4% | 0,9% | 3,3% | 1,5% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 2,1% | 3,9% | 20,5% | 13,3% | 6,5% | |
| Annað | 0,5% | 1,0% | 1,2% | 2,0% | 1,1% | |

Tafla 30 sýnir húsnæðisstöðu greint eftir kyni og uppruna. Taflan sýnir að mun lægra hlutfall innflytjendakvenna (34,8%) og innflytjendakarla (27%) og nokkuð lægra hlutfall kvenna með erlendan bakgrunn (63,1%) og karla með erlendan bakgrunn (59,1%) búa í eigin húsnæði samanborið við innfæddar konur (76,2%) og innfædda karla (77,3%). Að sama skapi er hlutfall innflytjendakarla hæst (61,2%) meðal þeirra sem eru á almennum leigumarkaði, nokkuð lægra meðal innflytjendakvenna (50,2%), talsvert læga meðal kvenna með erlendan bakgrunn (17,1%) og karla með erlendan bakgrunn (17,4%) en lægst hjá innfæddum konum (11,4%) og innfæddum körlum (11,2%).

**Tafla 30.** *Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Eigin húsnæði | 76,2% | 34,8% | 63,1% | 63,3% | 0,000** |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 11,4% | 50,2% | 17,1% | 23,2% | *N* = 7.407 |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 3,9% | 5,5% | 3,9% | 4,4% | |
| Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda | 0,4% | 3,5% | 0,1% | 1,3% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 7,1% | 4,2% | 13,7% | 6,5% | |
| Annað | 1,0% | 1,7% | 2,0% | 1,3% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Eigin húsnæði | 77,3% | 27,0% | 59,1% | 62,6% | 0,000** |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 11,2% | 61,2% | 17,4% | 25,4% | *N* = 5.559 |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 2,2% | 3,5% | 4,6% | 2,6% | |
| Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda | 0,8% | 4,4% | 1,5% | 1,8% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 7,7% | 2,5% | 15,7% | 6,6% | |
| Annað | 0,7% | 1,5% | 1,8% | 1,0% | |
| *Öll* | | | | | |
| Eigin húsnæði | 76,8% | 30,7% | 61,0% | 62,9% | 0,000** |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 11,3% | 55,9% | 17,2% | 24,4% | *N* =12.966 |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 3,0% | 4,5% | 4,3% | 3,5% | |
| Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda | 0,6% | 4,0% | 0,8% | 1,6% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 7,4% | 3,3% | 14,7% | 6,5% | |
| Annað | 0,9% | 1,6% | 1,9% | 1,1% | |

Tafla 31 sýnir stöðu á húsnæðismarkaði eftir kyni og aldri. Taflan sýnir að lang lægst hlutfall aldurshópsins 30 ára og yngri (27,9%) eru í eigin húsnæði. Ríflega helmingur (52,4%) félagsfólks á aldrinum 31-40 ára er í eigin húsnæði og sama á við um 70,7% í aldurshópnum 41-50 ára, 81% meðal þeirra sem eru á aldrinum 51-60 ára og 87,8% þeirra sem eru 61 árs og eldri. Að sama skapi er hæst hlutfall í yngri aldurshópunum á almennum leigumarkaði (37,8% 30 ára og yngri og 36% hjá 31-40 ára). Hlutfallið lækkar talsvert hjá aldurshópnum 41-50 ára (21,1%) og er enn lægra hjá 51-60 ára (13,2%) og 61 árs og eldri (7,2%).

**Tafla 31.** *Staða á húsnæðismarkaði eftir kyni og aldri.*

| | 30 ára og yngri | 31-40 ára | 41-50 ára | 51-60 ára | 61 árs og eldri | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | | |
| Eigin húsnæði | 28,7% | 55,9% | 71,2% | 81,2% | 88,8% | 62,9% | 0,000** |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 37,7% | 32,1% | 19,9% | 12,1% | 7,0% | 23,4% | *N* = 7.239 |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 6,2% | 4,5% | 4,9% | 3,4% | 2,6% | 4,5% | |
| Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda | 1,8% | 2,3% | 0,9% | 0,6% | 0,2% | 1,3% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 24,7% | 3,9% | 1,8% | 1,0% | 0,4% | 6,6% | |
| Annað | 0,9% | 1,3% | 1,3% | 1,6% | 1,0% | 1,2% | |
| *Karlar* | | | | | | | |
| Eigin húsnæði | 27,0% | 49,4% | 70,4% | 80,8% | 87,0% | 62,1% | 0,000** |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 38,0% | 39,4% | 22,1% | 14,2% | 7,4% | 25,6% | *N* = 5.398 |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 3,2% | 2,8% | 3,3% | 2,3% | 1,4% | 2,6% | |
| Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda | 2,6% | 3,0% | 1,3% | 1,1% | 1,0% | 1,9% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 28,7% | 4,3% | 1,9% | 0,8% | 1,7% | 6,7% | |
| Annað | 0,5% | 1,2% | 1,1% | 0,8% | 1,5% | 1,0% | |
| *Öll* | | | | | | | |
| Eigin húsnæði | 27,9% | 52,4% | 70,7% | 81,0% | 87,8% | 62,5% | 0,000** |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 37,8% | 36,0% | 21,1% | 13,2% | 7,2% | 24,6% | *N* = 12.637 |
| Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | 4,7% | 3,6% | 4,0% | 2,8% | 1,9% | 3,5% | |
| Leiguhúsnæði á vegum atvinnurekanda | 2,2% | 2,7% | 1,1% | 0,9% | 0,7% | 1,6% | |
| Hjá foreldrum/ættingjum | 26,7% | 4,1% | 1,9% | 0,9% | 1,1% | 6,7% | |
| Annað | 0,7% | 1,2% | 1,2% | 1,2% | 1,3% | 1,1% | |

### 3.2.1 Byrði húsnæðiskostnaðar

Tafla 32 sýnir byrði við rekstur húsnæðis, þar með talið afborganir húsnæðislána, leigu, tryggingar, fasteignagjöld, viðhald og viðgerðir. 35,1% búa við þunga byrði vegna húsnæðis. Tæplega helmingur telur húsnæðiskostnað nokkra byrði (45,6%) en 16% býr ekki við byrði af húsnæðiskostnaði.

Hæst hlutfall þeirra sem bera þunga byrði af húsnæðiskostnaði eru einstæðir foreldrar (54,1%). Sambúðarfólk með börn (40,6%) og einhleyp (36,6%) koma þar á eftir en lægst er hlutfallið meðal félagsfólks í sambúð (24,3%).

**Tafla 32.** *Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | |
| Þung byrði | 39,4% | 24,2% | 53,6% | 37,0% | 35,0% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 46,3% | 51,8% | 33,0% | 44,4% | 46,5% | *N* = 7.229 |
| Engin byrði | 11,7% | 19,8% | 8,0% | 12,1% | 14,2% | |
| Vil ekki svara | 2,6% | 4,2% | 5,5% | 6,5% | 4,3% | |
| *Karlar* | | | | | | |
| Þung byrði | 41,5% | 24,4% | 54,9% | 36,2% | 35,2% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 44,0% | 48,9% | 26,6% | 44,4% | 44,9% | *N* = 5.432 |
| Engin byrði | 12,8% | 24,9% | 13,5% | 15,0% | 17,5% | |
| Vil ekki svara | 1,7% | 1,8% | 4,9% | 4,3% | 2,5% | |
| *Öll* | | | | | | |
| Þung byrði | 40,6% | 24,3% | 54,1% | 36,6% | 35,1% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 45,0% | 50,3% | 30,6% | 44,4% | 45,6% | *N* = 12.661 |
| Engin byrði | 12,3% | 22,5% | 10,1% | 13,7% | 16,0% | |
| Vil ekki svara | 2,1% | 2,9% | 5,2% | 5,3% | 3,3% | |

Tafla 33 sýnir byrði við rekstur húsnæðis greint eftir kyni og uppruna. Mun hærra hlutfall innflytjendakvenna (51%) og innflytjendakarla (56,2%) búa við þunga byrði af húsæðiskostnaði samanborið við aðra hópa. Sömuleiðis búa fleiri konur með erlendan bakgrunn (36,4%) og karlar með erlendan bakgrunn (32%) við þungan húsnæðiskostnað samanborið við innfædda. Lægst er hlutfall innfæddra kvenna (27,7%) og innfæddra karla (27%) sem bera þunga byrði af húsnæði.

**Tafla 33.** *Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Þung byrði | 27,7% | 51,0% | 36,4% | 35,0% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 50,4% | 37,5% | 44,4% | 46,3% | *N* = 7.399 |
| Engin byrði | 17,6% | 7,2% | 13,1% | 14,3% | |
| Vil ekki svara | 4,3% | 4,2% | 6,1% | 4,3% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Þung byrði | 27,0% | 56,2% | 32,0% | 35,3% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 48,4% | 34,0% | 51,8% | 44,5% | *N* = 5.542 |
| Engin byrði | 22,1% | 7,0% | 12,6% | 17,5% | |
| Vil ekki svara | 2,4% | 2,9% | 3,6% | 2,6% | |
| *Öll* | | | | | |
| Þung byrði | 27,3% | 53,7% | 34,2% | 35,2% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 49,3% | 35,7% | 48,2% | 45,4% | *N* =12.941 |
| Engin byrði | 20,1% | 7,1% | 12,8% | 16,0% | |
| Vil ekki svara | 3,3% | 3,5% | 4,8% | 3,4% | |

Tafla 34 sýnir byrði húsnæðiskostnaðar greint eftir kyn og aldri. Hlutfallslega flest í aldurshópnum 31-40 ára búa við þunga byrði af húsnæðiskostnaði eða 47,2%. Hlutfallið er sömuleiðis hátt í aldurshópunum 41-50 ára (40,2%) og 30 ára og yngri (37,9%). Hjá aldurshópnum 51-60 ára er

lægra hlutfall sem býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði (26,4%) og lægst er hlutfallið hjá aldurshópnum 61 ára og eldri (14,3%).

**Tafla 34.** *Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og aldri.*

| | 30 ára og yngri | 31-40 ára | 41-50 ára | 51-60 ára | 61 árs og eldri | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | | |
| Þung byrði | 39,1% | 44,8% | 40,2% | 25,9% | 15,8% | 35,1% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 43,1% | 43,8% | 45,3% | 50,2% | 51,8% | 46,3% | *N* = 7.229 |
| Engin byrði | 10,3% | 8,7% | 11,7% | 20,4% | 25,9% | 14,2% | |
| Vil ekki svara | 7,5% | 2,8% | 2,8% | 3,6% | 6,5% | 4,4% | |
| *Karlar* | | | | | | | |
| Þung byrði | 36,6% | 49,3% | 40,3% | 27,0% | 13,2% | 35,5% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 44,2% | 38,6% | 45,4% | 47,1% | 49,7% | 44,4% | *N* = 5.381 |
| Engin byrði | 13,3% | 9,8% | 12,2% | 24,3% | 35,5% | 17,5% | |
| Vil ekki svara | 5,9% | 2,3% | 2,1% | 1,6% | 1,6% | 2,6% | |
| *Öll* | | | | | | | |
| Þung byrði | 37,9% | 47,2% | 40,2% | 26,4% | 14,3% | 35,4% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 43,6% | 41,0% | 45,3% | 48,6% | 50,6% | 45,3% | *N* = 12.610 |
| Engin byrði | 11,7% | 9,3% | 12,0% | 22,4% | 31,4% | 16,0% | |
| Vil ekki svara | 6,7% | 2,5% | 2,4% | 2,5% | 3,7% | 3,4% | |

Tafla 35 sýnir byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði. Niðurstöðurnar sýna að ríflega helmingur leigjenda (52,9%) býr við þunga byrði af húsnæðiskostnaði. Sama á við um 45,2% þeirra sem eru í leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum og 28,1% þeirra sem búa í eigin húsnæði.

**Tafla 35.** *Byrði húsnæðiskostnaðar eftir kyni og stöðu á húsnæðismarkaði.*

| | Eigin húsnæði | Leiguhúsnæði á almennum markaði | Leiguhúsnæði hjá óhagnaðardrifnum leigusamtökum | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Þung byrði | 28,1% | 51,9% | 48,1% | 35,4% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 51,7% | 37,8% | 40,3% | 47,4% | *N* = 6.825 |
| Engin byrði | 17,4% | 6,9% | 6,9% | 14,1% | |
| Vil ekki svara | 2,9% | 3,4% | 4,7% | 3,1% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Þung byrði | 28,2% | 53,7% | 41,1% | 36,1% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 48,8% | 35,5% | 49,1% | 44,9% | *N* = 5.139 |
| Engin byrði | 21,7% | 8,7% | 6,6% | 17,5% | |
| Vil ekki svara | 1,3% | 2,1% | 3,1% | 1,6% | |
| *Öll* | | | | | |
| Þung byrði | 28,1% | 52,9% | 45,2% | 35,7% | 0,000** |
| Nokkur byrði | 50,1% | 36,5% | 43,9% | 46,1% | *N* = 11.964 |
| Engin byrði | 19,7% | 7,9% | 6,8% | 15,9% | |
| Vil ekki svara | 2,0% | 2,7% | 4,1% | 2,3% | |

### 3.2.2 Húsnæðislán launafólks í eigin húsnæði

Í könnuninni voru svarendur í eigin húsnæði spurðir hvernig húsnæðislán þeir væru með. Í þeim greiningum sem hér eru birtar eru einungis sýnd staða þeirra sem eru í eigin húsnæði en þau sem eru í leiguhúsnæði eru undanskilin. Tafla 36 sýnir gerð húsnæðislána greint eftir kyni og fjölskyldustöðu. Taflan sýnir að hlutfallslega flest eru með húsnæðislán á föstum vöxtum (22,1%) og óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum (20,5%) og lítið lægra hlutfall (18,7%) eru með verðtryggð lán á föstum vöxtum. Lægra hlutfall er með blandað lán (13,3%) og verðtryggt lán á breytilegum vöxtum (8,7%).

Ef litið er til fjölskyldustöðu og gerð húsnæðislána sést að 22,5% einstæðra foreldra, 20,5% fólks í sambúð, 19,9% einhleypra og 16,4% sambúðarfólks eru með verðtryggð lán á föstum vöxtum. Sambúðar fólk með börn eru hlutfallslega flest með óverðtryggt lán á föstum vöxtum eða 26,3% og sama á við um 20,4% einstæðra foreldra, 18,8% sambúðarfólks og 17,8% einhleypra. 23,3% einstæðra foreldra, 22,5% sambúðarfólks með börn, 19,2% sambúðarfólks og 16,8% einhleypra eru með óverðtryggt lán á breytilegum vöxtum.

**Tafla 36.** *Húsnæðislán eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | |
| Nei, ég er ekki með húsnæðislán | 5,5% | 19,0% | 5,5% | 14,5% | 12,0% | 0,000** |
| Já, óverðtryggt á föstum vöxtum | 24,8% | 18,0% | 17,8% | 16,2% | 20,5% | *N* = 4.905 |
| Já, óverðtryggt á breyt. vöxtum | 19,9% | 18,2% | 24,0% | 14,5% | 18,8% | |
| Já, verðtryggt á föstum vöxtum | 17,7% | 19,7% | 19,9% | 25,3% | 19,7% | |
| Já, verðtryggt á breyt. vöxtum | 7,8% | 8,5% | 12,0% | 11,3% | 8,8% | |
| Já, blandað lán | 17,7% | 9,9% | 16,4% | 12,9% | 13,9% | |
| Annað (s.s. fleiri en eitt lán) | 3,1% | 4,2% | 1,9% | 2,4% | 3,4% | |
| Veit ekki | 3,5% | 2,5% | 2,5% | 2,8% | 3,0% | |
| *Karlar* | | | | | | |
| Nei, ég er ekki með húsnæðislán | 5,0% | 18,4% | 5,1% | 18,1% | 11,7% | 0,000** |
| Já, óverðtryggt á föstum vöxtum | 27,5% | 19,4% | 25,4% | 19,6% | 23,4% | *N* = 3.654 |
| Já, óverðtryggt á breyt. vöxtum | 24,5% | 20,0% | 22,2% | 19,4% | 22,1% | |
| Já, verðtryggt á föstum vöxtum | 15,4% | 21,2% | 27,5% | 13,6% | 17,9% | |
| Já, verðtryggt á breyt. vöxtum | 9,0% | 7,3% | 10,7% | 10,5% | 8,6% | |
| Já, blandað lán | 15,1% | 9,9% | 8,5% | 14,0% | 12,7% | |
| Annað (s.s. fleiri en eitt lán) | 2,1% | 2,2% | 0,0% | 1,4% | 2,0% | |
| Veit ekki | 1,3% | 1,5% | 0,5% | 3,5% | 1,6% | |
| *Öll* | | | | | | |
| Nei, ég er ekki með húsnæðislán | 5,2% | 18,7% | 5,4% | 16,2% | 11,8% | 0,000** |
| Já, óverðtryggt á föstum vöxtum | 26,3% | 18,8% | 20,4% | 17,8% | 22,1% | *N* = 8.559 |
| Já, óverðtryggt á breyt. vöxtum | 22,5% | 19,2% | 23,3% | 16,8% | 20,5% | |
| Já, verðtryggt á föstum vöxtum | 16,4% | 20,5% | 22,5% | 19,9% | 18,7% | |
| Já, verðtryggt á breyt. vöxtum | 8,5% | 7,9% | 11,6% | 10,9% | 8,7% | |
| Já, blandað lán | 16,2% | 9,9% | 13,7% | 13,4% | 13,3% | |
| Annað (s.s. fleiri en eitt lán) | 2,6% | 3,1% | 1,3% | 2,0% | 2,6% | |
| Veit ekki | 2,3% | 2,0% | 1,8% | 3,1% | 2,2% | |

Tafla 37 sýnir hvernig húsnæðislán launafólk er með greint eftir kyni og uppruna. Taflan sýnir að 28,4% innflytjenda, 21,7% þeirra sem eru með erlendan bakgrunn og 21% innfæddra eru með óverðtryggt lán á föstum vöxtum. 24,6% innflytjenda. 21,4% fólks með erlendan bakgrunn og 19,6% innfæddra eru með óverðtryggt lán á breytilegum vöxtum. 20% innfæddra, 16,5% fólks með erlendan bakgrunn og 12,7% eru með verðtryggð lán á breytilegum vöxtum. 9,3% fólks með erlendan bakgrunn, 8,8% innfæddra og 7,6% innflytjenda eru með verðtryggð lán á breytilegum vöxtum.

**Tafla 37.** *Húsnæðislán eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Nei, ég er ekki með húsnæðislán | 12,4% | 9,6% | 13,9% | 12,0% | 0,000** |
| Já, óverðtryggt á föstum vöxtum | 19,2% | 26,8% | 19,6% | 20,5% | *N* =5.016 |
| Já, óverðtryggt á breyt. vöxtum | 17,7% | 23,6% | 15,1% | 18,6% | |
| Já, verðtryggt á föstum vöxtum | 21,2% | 13,9% | 19,2% | 19,9% | |
| Já, verðtryggt á breyt. vöxtum | 8,9% | 8,1% | 8,4% | 8,8% | |
| Já, blandað lán | 14,0% | 12,7% | 17,8% | 13,9% | |
| Annað (s.s. fleiri en eitt lán) | 3,5% | 2,5% | 2,8% | 3,4% | |
| Veit ekki | 3,0% | 2,8% | 3,2% | 3,0% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Nei, ég er ekki með húsnæðislán | 12,7% | 5,9% | 11,4% | 11,8% | 0,000** |
| Já, óverðtryggt á föstum vöxtum | 22,4% | 30,2% | 23,9% | 23,4% | *N* = 3.702 |
| Já, óverðtryggt á breyt. vöxtum | 21,2% | 25,8% | 27,6% | 22,0% | |
| Já, verðtryggt á föstum vöxtum | 19,1% | 11,3% | 13,8% | 18,0% | |
| Já, verðtryggt á breyt. vöxtum | 8,7% | 6,9% | 10,2% | 8,6% | |
| Já, blandað lán | 12,4% | 15,3% | 9,8% | 12,6% | |
| Annað (s.s. fleiri en eitt lán) | 2,1% | 1,7% | 1,5% | 2,0% | |
| Veit ekki | 1,4% | 2,8% | 1,7% | 1,6% | |
| *Öll* | | | | | |
| Nei, ég er ekki með húsnæðislán | 12,6% | 7,9% | 12,6% | 11,9% | 0,000** |
| Já, óverðtryggt á föstum vöxtum | 21,0% | 28,4% | 21,7% | 22,0% | *N* = 8.718 |
| Já, óverðtryggt á breyt. vöxtum | 19,6% | 24,6% | 21,4% | 20,4% | |
| Já, verðtryggt á föstum vöxtum | 20,0% | 12,7% | 16,5% | 18,9% | |
| Já, verðtryggt á breyt. vöxtum | 8,8% | 7,6% | 9,3% | 8,6% | |
| Já, blandað lán | 13,1% | 13,9% | 13,8% | 13,2% | |
| Annað (s.s. fleiri en eitt lán) | 2,8% | 2,2% | 2,2% | 2,7% | |
| Veit ekki | 2,2% | 2,8% | 2,4% | 2,3% | |

### 3.2.3 Samantekt - staða launafólks á húsnæðismarkaði

Staða launafólks á húsnæðismarkaði er breytileg eftir hópum en almennt sést að mikill meirihluti innfæddra í sambúð búa í eigin húsnæði og sama á við um eldri aldurshópa (41 árs og eldri). Mun hærra hlutfall einstæðra foreldra, einhleypra, innflytjenda og ungs fólks sérstaklega 30 ára og yngri eru í leiguhúsnæði á almennum markaði.

Þegar byrði húsnæðiskostnaðar er skoðaður sést að byrði húsnæðiskostnaðar er mest hjá einstæðum foreldrum (54,1%), innflytjendum (53,7%), leigjendum (52,9%) og hjá 30 ára og yngri (37,9%).

Það félagsfólk sem er í eigin húsnæði og er með húsnæðislán er með nokkuð fjölbreytt lán. Algengast er að félagsfólk sé með óverðtryggð lán á föstum vöxtum (22,1%), næst óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum (20,5%), þriðja algengasta lánaformið eru verðtryggð lán á föstum vöxtum (18,7%) og því næst blandað lán.

### 3.2.4 Summary - Housing market status

The housing status of workers varies by groups, but in general, a big majority of cohabiting native Icelanders are homeowners, and the same applies to older groups (41 and older). Single parents, single persons, immigrants, and young people, especially 30 and younger, are much more likely to be renting in the private housing market.

The groups that report the most burdensome housing cost are single parents (54.1%), immigrants (53.7%), tenants (52.9%), and people 30 years and younger (37.9%).

Union members who are homeowners and have housing loans, have different types of loans. The most common type of loan that members have are non-indexed housing loans with fixed interest rate (22.1%), followed by non-indexed housing loans with variable interest rate (20.5%), and then indexed housing loans with fixed interest rate (18.7%), and finally, mixed loans.

## 3.3 Fjárhagsstaða launafólks eftir stöðu á húsnæðismarkaði

### 3.3.1 Ná endum saman meðal launafólks á leigumarkaði og í eigin húsnæði

Tafla 38 sýnir hversu auðvelt eða erfitt svarendur eiga með að ná endum saman eftir stöðu þeirra á húsnæðismarkaði greint eftir kyni. Niðurstöðurnar sýna að hlutfallslega eru flest í hópi leigjenda sem eiga mjög erfitt, erfitt og nokkuð erfitt (58,9%) með að ná endum saman. Þegar litið er til þeirra sem eru í eigin húsnæði sést að 45,7% þeirra sem eru með verðtryggt lán á breytilegum vöxtum, 44,6% þeirra sem eru með blandað lán, 42,6% þeirra sem eru með óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum, 37,9% þeirra sem eru með verðtryggð lán á föstum vöxtum, 36% þeirra sem eru með óverðtryggð lán á föstum vöxtum og 33% þeirra sem eru með fleiri en eitt lán eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög er erfitt með að ná endum saman.

**Tafla 38.** *Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði og gerð lána..*

| | Auðvelt/mjög auðvelt | Nokkuð auðvelt | Nokkuð erfitt | Erfitt/mjög erfitt | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Leigjendur | 10,0% | 25,3% | 30,8% | 29,1% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 40,8% | 37,7% | 14,4% | 3,4% | *N* =6.252 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 15,7% | 39,5% | 22,4% | 10,5% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 12,6% | 36,8% | 27,0% | 21,0% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 17,2% | 41,9% | 23,1% | 15,2% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 16,9% | 32,6% | 30,4% | 17,7% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 19,7% | 38,9% | 27,8% | 11,5% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 15,6% | 36,4% | 26,8% | 18,1% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Leigjendur | 13,2% | 25,1% | 32,3% | 25,8% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 50,8% | 31,4% | 10,6% | 6,0% | *N* = 4.782 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 10,6% | 43,5% | 20,5% | 12,6% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 18,2% | 38,9% | 24,7% | 16,7% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 23,6% | 37,8% | 21,8% | 15,7% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 23,5% | 30,9% | 27,1% | 16,7% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 26,9% | 38,2% | 21,9% | 11,6% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 20,3% | 37,3% | 24,4% | 16,6% | |
| *Öll* | | | | | |
| Leigjendur | 11,8% | 25,2% | 31,6% | 27,3% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 46,1% | 34,4% | 12,4% | 4,8% | *N* = 11.034 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 13,6% | 41,1% | 21,6% | 11,4% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 15,4% | 37,9% | 25,8% | 18,8% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 20,4% | 39,8% | 22,5% | 15,4% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 20,4% | 31,7% | 28,6% | 17,1% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 23,8% | 38,5% | 24,5% | 11,5% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 18,3% | 36,9% | 25,4% | 17,2% | |

### 3.3.2 Byrði húsnæðiskostnaðar launafólks á leigumarkaði og í eigin húsnæði

Tafla 39 sýnir byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði og gerð húsnæðislána. Taflan sýnir að ríflega helmingur (50,2%) leigjenda, 37,8% þeirra sem eru með óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum, 33,7% þeirra sem eru með blönduð lán, 30,5% þeirra sem eru með fleiri en eitt lán, 30% þeirra sem eru með verðtryggð lán á breytilegum vöxtum og 27,8% þeirra sem eru með óverðtryggð lán á föstum vöxtum búa við þunga byrði af húsnæðiskostnaði.

**Tafla 39.** *Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði og gerð lána.*

| | Þung byrði | Nokkur byrði | Engin byrði | Vil ekki svara | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Leigjendur | 50,0% | 39,2% | 7,5% | 3,3% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 7,7% | 44,4% | 41,1% | 6,8% | *N* = 6.249 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 26,9% | 47,3% | 8,2% | 17,6% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 34,0% | 53,4% | 11,2% | 1,3% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 25,6% | 55,3% | 17,6% | 1,5% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 29,9% | 54,7% | 14,1% | 1,2% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 29,4% | 54,5% | 14,7% | 1,5% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 37,6% | 48,1% | 12,7% | 1,6% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Leigjendur | 50,4% | 38,1% | 9,7% | 1,9% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 8,5% | 37,5% | 51,6% | 2,4% | *N* = 4.785 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 35,8% | 45,4% | 10,6% | 8,1% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 33,4% | 52,9% | 12,8% | 0,9% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 25,3% | 52,7% | 21,4% | 0,6% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 30,0% | 48,3% | 21,4% | 0,3% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 26,6% | 52,2% | 19,4% | 1,8% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 38,0% | 47,1% | 14,3% | 0,6% | |
| *Öll* | | | | | |
| Leigjendur | 50,2% | 38,6% | 8,7% | 2,5% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 8,1% | 40,8% | 46,6% | 4,5% | *N* = 11.034 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 30,5% | 46,5% | 9,2% | 13,7% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 33,7% | 53,1% | 12,0% | 1,1% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 25,4% | 53,9% | 19,6% | 1,1% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 30,0% | 51,3% | 17,9% | 0,7% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 27,8% | 53,2% | 17,3% | 1,7% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 37,8% | 47,6% | 13,6% | 1,0% | |

### 3.3.3 Skortur á efnislegum gæðum meðal launafólks á leigumarkaði og í eigin húsnæði

Tafla 40 sýnir hlutfall þeirra sem búa við skort á efnislegum gæðum annars vegar meðal þeirra sem eru á leigumarkaði og hins vegar meðal fólks í eigin húsnæði. Greint er frá gerð húsnæðislána meðal þeirra sem eru í eigin húsnæði og eru niðurstöðurnar greindar eftir kyni. Ef litið er til þeirra sem búa við skort á efnislegum gæðum sést að hæst er hlutfallið meðal leigjenda eða 18%. Sömuleiðis er hlutfall leigjenda sem ekki þarf að neita sér um neinn efnislegan þátt lang lægst eða 34,2%. Hlutfall launafólks sem er í eigin húsnæði og býr við efnislegan skort er mun lægra. Það er hæst meðal þeirra sem eru með blandað lán (7,9%), næst meðal þeirra sem eru með verðtryggð lán á breytilegum vöxtum (6,5%), þá hjá þeim sem eru  með óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum (6,4%), verðtryggt lán á föstum vöxtum (5,5%) og óverðtryggt lán á föstum vöxtum (3,6%).

**Tafla 40**. *Efnislegur skortur eftir stöðu á húsnæðismarkaði og gerð lána.*

| | Enginn þáttur | Einn þáttur | Tveir þættir | Efnislegur skortur | Vil ekki svara | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | |
| Leigjendur | 31,1% | 24,3% | 18,2% | 19,5% | 7,0% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 83,3% | 8,1% | 3,1% | 2,2% | 3,3% | *N* = 6.218 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 55,5% | 11,6% | 5,9% | 1,8% | 25,3% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 51,3% | 21,6% | 14,3% | 9,3% | 3,6% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 61,8% | 19,3% | 8,6% | 6,4% | 4,0% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 57,7% | 18,8% | 11,2% | 7,8% | 4,5% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 62,5% | 16,4% | 10,6% | 5,3% | 5,1% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 57,6% | 18,9% | 11,3% | 7,4% | 4,8% | |
| *Karlar* | | | | | | |
| Leigjendur | 36,6% | 22,4% | 14,7% | 16,9% | 9,4% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 86,8% | 5,9% | 3,4% | 1,9% | 2,0% | *N* = 4.769 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 61,0% | 5,0% | 13,2% | 1,0% | 19,7% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 61,3% | 18,3% | 10,5% | 6,6% | 3,3% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 68,5% | 14,3% | 7,7% | 4,7% | 4,8% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 65,8% | 15,9% | 7,9% | 5,2% | 5,1% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 70,8% | 13,0% | 8,9% | 3,6% | 3,8% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 66,3% | 14,7% | 9,8% | 5,7% | 3,6% | |
| *Öll* | | | | | | |
| Leigjendur | 34,2% | 23,2% | 16,3% | 18,0% | 8,3% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 85,2% | 6,9% | 3,2% | 2,0% | 2,7% | *N* = 10.987 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 57,7% | 8,9% | 8,8% | 1,5% | 23,0% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 56,4% | 19,9% | 12,3% | 7,9% | 3,4% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 65,2% | 16,8% | 8,1% | 5,5% | 4,4% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 62,0% | 17,3% | 9,5% | 6,5% | 4,8% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 67,2% | 14,5% | 9,6% | 4,3% | 4,3% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 62,6% | 16,5% | 10,5% | 6,4% | 4,1% | |

### 3.3.4 Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári síðan meðal launafólks á leigumarkaði og í eigin húsnæði

Tafla 41 sýnir hvort svarendur meta fjárhagsstöðu sína betri eða verri en fyrir ári síðan eftir stöðu þeirra á húsnæðismarkaði og gerð húsnæðislána greint eftir kyni. Helmingur (50,4%) þeirra sem eru með óverðtryggð húsnæðislán á breytilegum vöxtum telur fjárhagsstöðu sína verri nú en fyrir ári síðan. Sama á við um 41,4% þeirra sem eru með verðtryggð lán á breytilegum vöxtum, 40,6% leigjenda, 40,5% þeirra sem eru með blandað lán, 34,8% þeirra sem eru með verðtryggð lán og 33,6% þeirra sem eru með óverðtryggð lán á föstum vöxtum.

**Tafla 41.** *Fjárhagsstaða betri eða verri en fyrir ári eftir stöðu á húsnæðismarkaði og gerð lána.*

| | Nokkuð eða mun betri | Eins og fyrir ári síðan | Nokkuð eða mun verri | Vil ekki svara | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Leigjendur | 28,7% | 28,8% | 41,4% | 1,1% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 25,3% | 54,5% | 18,8% | 1,3% | *N* = 6.258 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 23,5% | 42,7% | 26,5% | 7,2% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 24,5% | 33,1% | 41,6% | 0,8% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 23,1% | 42,4% | 34,3% | 0,2% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 19,3% | 34,7% | 43,3% | 2,8% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 25,2% | 40,4% | 33,4% | 0,9% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 17,4% | 32,5% | 49,0% | 1,1% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Leigjendur | 27,7% | 30,7% | 40,0% | 1,6% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 32,7% | 46,8% | 19,0% | 1,5% | *N* = 4.789 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 28,2% | 34,5% | 34,4% | 2,9% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 26,1% | 33,8% | 39,3% | 0,8% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 22,6% | 41,8% | 35,4% | 0,2% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 20,4% | 39,0% | 39,6% | 0,9% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 29,0% | 36,9% | 33,8% | 0,4% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 17,1% | 30,6% | 51,4% | 0,9% | |
| *Öll* | | | | | |
| Leigjendur | 28,2% | 29,9% | 40,6% | 1,4% | 0,000** |
| Eigin húsnæði, engin lán | 29,2% | 50,4% | 18,9% | 1,4% | *N* = 11.047 |
| Eigin húsnæð, með fl. en eitt lán | 25,4% | 39,4% | 29,7% | 5,5% | |
| Eigin húsnæði með blandað lán | 25,3% | 33,5% | 40,5% | 0,8% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. lán á föstum vöxtum | 22,9% | 42,1% | 34,8% | 0,2% | |
| Eigin húsnæði með verðtr. á breyt. vöxtum | 19,9% | 37,0% | 41,4% | 1,8% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á föstum vöxtum | 27,3% | 38,4% | 33,6% | 0,6% | |
| Eigin húsnæði með óverðtr. á breyt. vöxtum | 17,2% | 31,4% | 50,4% | 1,0% | |

### 3.3.5 Samanburður - fjárhagsstaða launafólks á húsnæðismarkaði 2022 og 2023

Í könnun Vörðu árið 2022 var að hluta til notast við sömu spurningar um stöðu launafólks á húsnæðismarkaði og gert var í ár og því hægt að bera nokkrar lykilspurningar saman. Í töflunum hér á eftir eru bornar saman niðurstöður úr könnunum tveimur hvað varðar að ná endum saman, byrði húsnæðiskostnaðar og fjölda þátta sem efnislegur skortur er á með tilliti til þess hvort fólk búi í eigin húsnæði eða hvort það sé á leigumarkaði.

Tafla 42 sýnir að fjölgað hefur í hópi launafólks sem á nokkuð erfitt (26,5% á móti 23%), erfitt (12,1% á móti 6,5%) og mjög erfitt (7,2% á móti 3,2%) með að ná endum saman. Ef litið er til stöðu leigjenda sést að hlutfall þeirra sem eiga erfitt (18,7% á móti 12%) og mjög erfitt (12,3% á móti 6,7%) með að ná endum saman hefur hækkað. Sama á við um þau sem eru í eigin húsnæði en árið 2022 áttu 4% erfitt og 1,6% mjög erfitt með að ná endum saman á móti 9,3% og 5,1% árið 2023.

**Tafla 42**. *Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára.*

| | 2022 | 2023 |
|---|---|---|
| *Í eigin húsnæði* | | |
| Mjög auðvelt | 17,1% | 10,9% |
| Auðvelt | 19,1% | 12,7% |
| Nokkuð auðvelt | 39,8% | 38,2% |
| Nokkur erfitt | 18,5% | 23,8% |
| Erfitt | 4,0% | 9,3% |
| Mjög erfitt | 1,6% | 5,1% |
| *Leigjendur* | | |
| Mjög auðvelt | 4,7% | 3,0% |
| Auðvelt | 11,1% | 8,2% |
| Nokkuð auðvelt | 30,6% | 24,8% |
| Nokkur erfitt | 34,8% | 33,0% |
| Erfitt | 12,0% | 18,7% |
| Mjög erfitt | 6,7% | 12,3% |
| *Samtals* | | |
| Mjög auðvelt | 13,6% | 8,4% |
| Auðvelt | 17,0% | 11,5% |
| Nokkuð auðvelt | 36,8% | 34,3% |
| Nokkur erfitt | 23,0% | 26,5% |
| Erfitt | 6,5% | 12,1% |
| Mjög erfitt | 3,2% | 7,2% |

Tafla 43 sýnir að hlutfall launafólks sem telur byrði af húsnæðiskostnaði vera þunga hefur hækkað á milli ára (36,4% á móti 27,7% ). Staða leigjenda er mun verri en þeirra sem búa í eigin húsnæði. Hins vegar hefur hlutfallslega fjölgað mest, í hópi þeirra sem eru í eigin húsnæði og telja byrði húsnæðiskostnaðar þunga, eða um 9,4 prósentustig á meðan hlutfallið meðal leigjenda hefur hækkað um 5,7 prósentustig á milli ára.

**Tafla 43.** *Byrði húsnæðiskostnaðar eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára.*

| | 2022 | 2023 |
|---|---|---|
| *Í eigin húsnæði* | | |
| Þung byrði | 19,3% | 28,7% |
| Nokkur byrði | 54,7% | 51,1% |
| Engin byrði | 26,0% | 20,1% |
| *Leigjendur* | | |
| Þung byrði | 47,9% | 53,6% |
| Nokkur byrði | 40,7% | 38,5% |
| Engin byrði | 11,4% | 8,0% |
| *Samtals* | | |
| Þung byrði | 27,7% | 36,4% |
| Nokkur byrði | 49,7% | 47,0% |
| Engin byrði | 22,6% | 16,6% |

Í töflu 44 má sjá fjölda þátta sem efnislegur skortur er á eftir stöðu á húsnæðimarkaði. Niðurstöðurnar sýna að hlutfall þeirra sem búa ekki við neinn skort á neinum efnislegum gæðum er lægra árið 2023 samanborið við 2022 (58% á móti 62,6%). Að sama skapi búa hlutfallslega fleiri við skort á einum (19,4% á móti 17,5%), tveimur (12,1% á móti 10,8%), þremur (6% á móti 5,5%) og fjórum (4,5% á móti 3,6%) efnislegum þáttum.

Ef litið er til þeirra sem eru í leiguhúsnæði sést að færri leigjendur bjuggu ekki við skort á efnislegum gæðum árið 2023 samanborið við 2022 (33,9% á móti 38,3%). Sömuleiðis er hærra hlutfall árið 2023 sem býr við skort á einum þætti (26% á móti 24,5%), tveimur (18,1% á móti 17,4%), þremur (11,8% á móti 11,6%) og fjórum þáttum eða fleiri (10,1% á móti 7,8%) samanborið við fyrra ár.

Meðal þeirra sem eru í eigin húsnæði sést að lægra hlutfall býr ekki við skort á neinum efnislegum gæðum (68,9% á móti 73,6%) samanborið við fyrra ár. Þá skortir hlutfallslega fleiri einn (16% á móti 14,3%), tvo (9,5% á móti 7,9%), þrjá (3,5% á móti 2,6%) og fjóra (2,1% á móti 1,5%) efnislega þætti árið 2023 en 2022.

**Tafla 44.** *Fjöldi þátt sem efnislegur skortur er á eftir stöðu á húsnæðismarkaði. Samanburður milli ára.*

| | 2022 | 2023 |
|---|---|---|
| *Í eigin húsnæði* | | |
| Engin skortur | 73,6% | 68,9% |
| Einn þáttur | 14,3% | 16,0% |
| Tveir þættir | 7,9% | 9,5% |
| Efnislegu skortur | 2,6% | 3,5% |
| Verulegur efnislegur skortur | 1,5% | 2,1% |
| *Leigjendur* | | |
| Engin skortur | 38,6% | 33,9% |
| Einn þáttur | 24,5% | 26,0% |
| Tveir þættir | 17,4% | 18,1% |
| Efnislegu skortur | 11,6% | 11,8% |
| Verulegur efnislegur skortur | 7,8% | 10,1% |
| *Samtals* | | |
| Engin skortur | 62,6% | 58,0% |
| Einn þáttur | 17,5% | 19,4% |
| Tveir þættir | 10,8% | 12,1% |
| Efnislegu skortur | 5,5% | 6,0% |
| Verulegur efnislegur skortur | 3,6% | 4,5% |

### 3.3.6 Samantekt - fjárhagsstaða launafólks á húsnæðismarkaði

Fjárhagsstaða launafólks er mjög breytileg eftir stöðu þess á húsnæðismarkaði. Þannig á tæplega 60% leigjenda nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman. Meðal þeirra sem eru

í eigin húsnæði þá er staða þeirra breytileg eftir því hvernig húsnæðislán félagsfólkið er með. Tæplega helmingur (48%) þeirra sem eru með blandað lán eiga nokkuð erfitt, erfitt eða mjög erfitt með að ná endum saman, sama á við um 47,1% þeirra sem eru með verðtryggð lán á breytilegum vöxtum, 44,9% þeirra sem eru með óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum en lægra hlutfall meðal þeirra sem eru með annarskonar húsnæðislán.

Byrði húsnæðiskostnaðar er mest meðal leigjenda en ríflega helmingur þeirra metur byrðina þunga. Staða þeirra sem eru í eigin húsnæði með óverðtryggð lán á breytilegum vöxtum er auk þess slæm en byrði húsnæðiskostnaðar er þungur meðal 37,8% þeirra og 33,7% þeirra sem eru með blandað lán. Svipað mynstur kemur í ljóst þegar litið er til skorts á efnislegum gæðum. Hlutfallslega eru lang flestir í hópi leigjanda sem búa við efnislegan skort eða tæplega fimmtungur (18%) og sama á við um 7,9% þeirra sem eru með blandað lán. Sömuleiðis um 6,5% þeirra sem eru með verðtryggð lán á breytilegum vöxtum en lægra hlutfall annars konar húsnæðislána.

Niðurstöður könnunarinnar sýna að staða leigjenda er lang verst en það er í samræmi til dæmis við lífskjararannsókn Hagstofunnar en í henni kemur fram að 10,9% leigjenda búi við skort á efnislegum gæðum samanborið við 2,4% þeirra sem eru í eigin húsnæði (Hagstofa Íslands, 2022d). Athygli er vakin á því að rannsókn Hagstofunnar er frá 2021 og nær hún til allra landsmanna. Þessi könnun greinir frá stöðu þeirra sem eru í aðildarfélögum ASÍ og BSRB en innan þeirra eru stærstu láglaunahóparnir og hæst hlutfall innflytjenda.

### 3.3.7 Summary - Financial situation of workers by housing market status

The financial situation of workers is very varied, depending on their housing market status. Almost 60% of tenants find it somewhat difficult, difficult, or very difficult to make ends meet. Among homeowners, the situation varies depending on the type of housing loan they have. Almost half (48%) of those with a mixed loan find it somewhat difficult, difficult, or very difficult to make ends meet. The same applies to around 47.1% of those with an indexed loan with variable interest rate, and 44.9% of those with a non-indexed loan with variable interest rate, but the proportion is lower among people with other types of housing loans.

Housing cost burden is heaviest among tenant; just over a half of tenants reports burdensome housing cost. The situation of homeowners with non-indexed housing loans with variable interest rate is also poor, with 37.8% of them reporting burdensome housing cost, and 33.7% of those with a mixed housing loan. A similar pattern is revealed when we look at material deprivation. Tenants are by far more likely than others to suffer material deprivation, with almost

a fifth (18%) reporting so, and the same applies to 7.9% of those with mixed housing loans. The same applies to 6.5% of people with indexed loans with variable interest rate. It is less common for people with other types of housing loans.

The survey outcomes show that tenants have, by far, the worst financial situation, which corresponds to, for example, Statistics Iceland’s survey of income and living conditions in Iceland, which shows that 10.9% of tenants suffer material deprivation, compared to 2.4% of homeowners (Statistics Iceland, 2022d). It should be remembered that Statistics Iceland’s survey is from 2021 and is posed to the general population. This survey is posed to the members of unions that affiliate to ASÍ and BSRB, and these federations contain the biggest low-wage groups and the highest proportion of immigrants in the Icelandic labour market.

## 3.4 Heilsufar launafólks

Í kaflanum er fjallað um heilsufar félagsfólks aðildarfélaga ASÍ og BSRB en þátttakendur voru spurðir út í bæði líkamlega og andlega heilsu sína út frá stöðluðum sjálfsmatskvarða.

Til að meta líkamlega heilsu var fólk beðið um að meta hana sjálf út frá beinni spurningu um líkamlega heilsu nú um stundir. Andlega heilsan var hins vegar metin út frá PHQ-9 kvarðanum, stöðluðum spurningalista sem tekur til níu einkenna andlegrar vanlíðanar (sjá 2.4. Mælingar).

Í lífskjararannókn Hagstofu Íslands má finna upplýsingar, til ársins 2018, um sjálfmetna heilsu landsmanna, en um 77% taldi sig vera við góða heilsu það árið. Þegar upplýsingarnar eru skoðaðar með tilliti til tekjufimmtunga má hins vegar sjá að einungis um 66% þeirra í lægsta tekjufimmtunginum telja sig vera við góða heilsu á móti 86% þeirra í efsta tekjufimmtunginum (Hagstofa Íslands, 2019).

### 3.4.1 Líkamlegt heilsufar

Tafla 45 sýnir að 16,8% kvenna og 13,4% karla meta líkamlegt heilsufar sitt slæmt eða frekar slæmt. Þá segja 33,9% kvenna og 34,2% karla heilsufar sitt hvorki gott né slæmt og 49,3% kvenna og 52,4% karla segja líkamlegt heilsufar sitt mjög gott eða gott.

**Tafla 45.** *Líkamlegt heilsufar eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | |
| Mjög gott | 10,4% | 11,1% | 9,8% | 10,4% | 10,6% | 0,000** |
| Frekar gott | 38,7% | 42,1% | 30,7% | 37,0% | 38,7% | *N* = 7.243 |
| Hvorki gott né slæmt | 34,4% | 31,9% | 35,0% | 35,7% | 33,9% | |
| Frekar slæmt | 15,0% | 13,1% | 21,5% | 14,6% | 14,9% | |
| Mjög slæmt | 1,5% | 1,9% | 2,9% | 2,3% | 1,9% | |
| *Karlar* | | | | | | |
| Mjög gott | 13,2% | 12,4% | 9,9% | 12,0% | 12,5% | 0,000** |
| Frekar gott | 37,8% | 42,2% | 35,6% | 41,0% | 39,9% | *N* = 5.431 |
| Hvorki gott né slæmt | 35,3% | 34,1% | 36,9% | 31,7% | 34,2% | |
| Frekar slæmt | 12,0% | 10,5% | 16,2% | 13,8% | 12,1% | |
| Mjög slæmt | 1,6% | 0,8% | 1,5% | 1,4% | 1,3% | |
| *Öll* | | | | | | |
| Mjög gott | 12,0% | 11,8% | 9,8% | 11,3% | 11,6% | 0,000** |
| Frekar gott | 38,2% | 42,1% | 32,6% | 39,2% | 39,3% | *N* = 12.674 |
| Hvorki gott né slæmt | 35,0% | 33,1% | 35,7% | 33,5% | 34,1% | |
| Frekar slæmt | 13,3% | 11,7% | 19,5% | 14,1% | 13,4% | |
| Mjög slæmt | 1,6% | 1,3% | 2,4% | 1,8% | 1,6% | |

Tafla 46 sýnir líkamlegt heilsufar eftir kyni og uppruna. Hlutfallslega fleiri innfæddar konur meta líkamlega heilsu sína mjög eða frekar góða (49,7%) samanborið við innflytjendakonur (47,9%) og konur með erlendan bakgrunn (47,8%). Meðal karla kemur fram annað mynstur. Hlutfallslega flestir innflytjendakarlar meta líkamlega heilsu sína mjög eða frekar góða (57,8%) samanborið við innfædda karla (50,5%). Lægst er hlutfall karla með erlendan bakgrunn sem metur líkamlegt heilsufar sitt mjög eða frekar gott (45,4%).

**Tafla 46.** *Líkamlegt heilsufar eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | |
| Mjög gott | 10,4% | 10,8% | 10,2% | 10,5% | 0,000** |
| Frekar gott | 39,3% | 37,1% | 37,6% | 38,5% | *N* = 7.411 |
| Hvorki gott né slæmt | 34,1% | 34,7% | 31,1% | 34,1% | |
| Frekar slæmt | 14,5% | 15,0% | 18,2% | 14,8% | |
| Mjög slæmt | 1,8% | 2,3% | 2,9% | 2,0% | |
| *Karlar* | | | | | |
| Mjög gott | 11,5% | 15,2% | 8,7% | 12,4% | 0,000** |
| Frekar gott | 39,0% | 42,6% | 36,7% | 39,9% | *N* = 5.540 |
| Hvorki gott né slæmt | 35,5% | 30,6% | 40,8% | 34,4% | |
| Frekar slæmt | 12,4% | 10,8% | 12,9% | 12,0% | |
| Mjög slæmt | 1,5% | 0,8% | 0,9% | 1,3% | |
| *Öll* | | | | | |
| Mjög gott | 11,0% | 13,1% | 9,4% | 11,5% | 0,000** |
| Frekar gott | 39,1% | 39,9% | 37,1% | 39,3% | *N* =12.951 |
| Hvorki gott né slæmt | 34,9% | 32,6% | 36,0% | 34,3% | |
| Frekar slæmt | 13,4% | 12,8% | 15,5% | 13,3% | |
| Mjög slæmt | 1,6% | 1,6% | 1,9% | 1,6% | |

Tafla 47 sýnir hvernig svarendur meta líkamlegt heilsufar sitt greint eftir kyni og aldri. Ef sjálfsmetið heilsufar kvenna er skoðað sést að hlutfallslega flestar konur 30 ára og yngri meta líkamlega heilsu sína mjög eða frekar góða (50,2%). Lítið lægra hlutfall í aldurshópunum 31-40 ára (48,4%) og 41-50 ára (45%) metur heilsufar sitt gott. Hlutfallið hækkar lítið aftur í eldri aldurshópunum 51-60 ára (49,5%) og hjá 61. árs og eldri (53,5%). Ef litið er til karla sést að almennt meta karlar líkamlega heilsu sína betur. Hæst er hlutfallið í aldurshópnum 30 ára og yngri (59,9%) sem metur heilsu sína mjög eða frekar góða. Hlutfallið lækkar í aldurshópnum 31-40 ára (51,9%) og enn meir í aldurshópnum 41-50 ára (48,6%). Í aldurshópnum 51-60 ára hækkar hlutfallið (49,5%) og hækkar aftur hjá elsta aldurshópnum (52,8%).

**Tafla 47**. *Líkamlegt heilsufar eftir kyni og aldri.*

| | 30 ára og yngri | 31-40 ára | 41-50 ára | 51-60 ára | 61 árs og eldri | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| *Konur og kvár* | | | | | | | |
| Mjög gott | 11,6% | 9,6% | 10,5% | 10,0% | 11,2% | 10,5% | 0,000** |
| Frekar gott | 38,6% | 38,8% | 34,5% | 39,5% | 42,3% | 38,5% | *N* = 7.240 |
| Hvorki gott né slæmt | 34,1% | 35,0% | 35,8% | 33,2% | 31,3% | 34,2% | |
| Frekar slæmt | 13,6% | 14,8% | 17,0% | 15,3% | 13,0% | 14,9% | |
| Mjög slæmt | 2,0% | 1,8% | 2,2% | 2,0% | 2,2% | 2,0% | |
| *Karlar* | | | | | | | |
| Mjög gott | 17,6% | 11,7% | 12,6% | 11,6% | 9,7% | 12,6% | 0,000** |
| Frekar gott | 42,3% | 40,2% | 36,0% | 37,9% | 43,1% | 39,6% | *N* = 5.381 |
| Hvorki gott né slæmt | 29,5% | 34,9% | 35,6% | 36,2% | 35,6% | 34,5% | |
| Frekar slæmt | 9,8% | 11,1% | 14,9% | 13,4% | 10,3% | 12,1% | |
| Mjög slæmt | 0,8% | 2,1% | 0,9% | 0,9% | 1,4% | 1,3% | |
| *Öll* | | | | | | | |
| Mjög gott | 14,5% | 10,7% | 11,7% | 10,8% | 10,3% | 11,6% | 0,000** |
| Frekar gott | 40,4% | 39,5% | 35,3% | 38,7% | 42,8% | 39,1% | *N* = 12.621 |
| Hvorki gott né slæmt | 31,9% | 34,9% | 35,7% | 34,8% | 33,7% | 34,4% | |
| Frekar slæmt | 11,8% | 12,8% | 15,8% | 14,3% | 11,5% | 13,4% | |
| Mjög slæmt | 1,4% | 2,0% | 1,4% | 1,4% | 1,7% | 1,6% | |

### 3.4.2 Andlegt heilsufar

Þegar andleg heilsa kvenna og karla er skoðuð þá kemur í ljós að hlutfall kvenna er hærra í sjö af níu spurningunum um andlega heilsu og sama á við um heildarskor meðal kvenna eins og sést í töflu 48.

Taflan sínir að 13,2% kvenna og 13,1% karla upplifa lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina. Þá hafa 11,8% kvenna og 9,8% karla verið niðurdregin, döpur eða vonlaus, 19,4% kvenna en 16% karla hafa átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina, 27,6% kvenna en 19,9% karla hafa fundið fyrir þreytu og orkuleysi, 12,7% kvenna en 9,6% karla hafa upplifað lystarleysi eða ofát, 15,1% kvenna en 12,1% karla hefur liðið illa með sig og 12,4% kvenna en 10,3% karla hafa átt erfitt með einbeitingu. Aftur á móti hefur hærra hlutfall karla eða 5,8% en 5,4% kvenna hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir taka eftir því eða verið eirðarlaus. Nokkuð hærra hlutfall karla hefur auk þess hugsað að það væri betra ef þeir væru dánir eða hugsað um að skaða sig eða 2,7% en hlutfallið meðal kvenna var 2%. Þá búa 37,3% kvenna í aðildarfélögum ASÍ og BSRB við slæma andlega heilsu og sama á við um 31,2% karla.

Andleg heilsa einstæðra foreldra er áberandi verst. 53,4% einstæðra mæðra og 44% einstæðra feðra búa við slæma andlega heilsu og sama á við um 41,4% einhleypra kvenna og 38,9% einhleypra karla. Sú slæma andlega líðan birtist hvað skýrast í háu hlutfalli innan þessara hópa sem hafa hugsað að það væri betra að þau væru dáin eða um að skaða sig á einhvern hátt

nánast daglega síðastliðnar tvær vikur. Slíkar hugsanir hafa 4,3% einstæðra mæðra, sama hlutfall einhleypra karla og 3,8% einstæðra feðra.

**Tafla 48.** *Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og fjölskyldustöðu.*

| | Í sambúð með barn/börn | Í sambúð án barna | Einstæðir foreldrar | Einhleypir | Samtals | *P*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|---|
| *Litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina* | | | | | | *N* = 12.590 |
| Konur og kvár | 11,8% | 10,2% | 21,3% | 16,5% | 13,2% | 0,000** |
| Karlar | 13,2% | 9,5% | 22,0% | 16,3% | 13,1% | 0,000** |
| Öll | 12,6% | 9,8% | 21,5% | 16,4% | 13,1% | 0,000** |
| *Verið niðurdregin, döpur, vonlaus* | | | | | | *N* = 12.567 |
| Konur og kvár | 10,8% | 8,5% | 17,7% | 15,9% | 11,8% | 0,000** |
| Karlar | 8,7% | 7,1% | 18,4% | 13,8% | 9,8% | 0,000** |
| Öll | 9,6% | 7,7% | 18,0% | 14,8% | 10,7% | 0,000** |
| *Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina* | | | | | | *N* = 12.616 |
| Konur og kvár | 18,4% | 16,6% | 30,3% | 20,6% | 19,4% | 0,000** |
| Karlar | 16,2% | 12,7% | 23,2% | 19,4% | 16,0% | 0,000** |
| Öll | 17,1% | 14,5% | 27,6% | 19,9% | 17,6% | 0,000** |
| *Fundið fyrir þreytu og orkuleysi* | | | | | | *N* = 12.593 |
| Konur og kvár | 28,8% | 22,7% | 37,8% | 28,7% | 27,6% | 0,000** |
| Karlar | 21,0% | 16,6% | 25,3% | 22,0% | 19,9% | 0,000** |
| Öll | 24,4% | 19,5% | 33,1% | 25,1% | 23,5% | 0,000** |
| *Átt við lystarleysi eða ofát* | | | | | | *N* = 12.508 |
| Konur og kvár | 13,0% | 9,9% | 21,9% | 12,2% | 12,7% | 0,000** |
| Karlar | 10,0% | 6,6% | 14,7% | 12,4% | 9,6% | 0,000** |
| Öll | 11,3% | 8,2% | 19,2% | 12,3% | 11,0% | 0,000** |
| *Liðið illa með sjálft sig eða fundist þau ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum sér eða fjölskyldu sinni* | | | | | | *N* = 12.597 |
| Konur og kvár | 15,4% | 10,4% | 27,1% | 16,3% | 15,1% | 0,000** |
| Karlar | 13,2% | 7,8% | 19,0% | 15,4% | 12,1% | 0,000** |
| Öll | 14,2% | 9,0% | 24,1% | 15,8% | 13,5% | 0,000** |
| *Átt í erfiðleikum með einbeitingu* | | | | | | *N* = 12.579 |
| Konur og kvár | 12,9% | 10,0% | 21,7% | 11,0% | 12,4% | 0,000** |
| Karlar | 10,4% | 6,8% | 19,6% | 13,5% | 10,3% | 0,000** |
| Öll | 11,5% | 8,3% | 20,9% | 12,4% | 11,3% | 0,000** |
| *Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið eirðarlaus eða óróleg og hreyft sig miklu meira en venjulega* | | | | | | *N* = 12.584 |
| Konur og kvár | 5,3% | 4,2% | 8,3% | 6,2% | 5,4% | 0,000** |
| Karlar | 6,1% | 4,0% | 10,5% | 7,2% | 5,8% | 0,000** |
| Öll | 5,8% | 4,1% | 9,2% | 6,7% | 5,7% | 0,000** |
| *Hugsað um að það væri betra að vera dáin(n) eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt* | | | | | | *N* = 12.558 |
| Konur og kvár | 1,5% | 1,2% | 4,3% | 3,0% | 2,0% | 0,000** |
| Karlar | 2,5% | 1,8% | 3,8% | 4,3% | 2,7% | 0,000** |
| Öll | 2,1% | 1,5% | 4,1% | 3,7% | 2,4% | 0,000** |
| *Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum (10-27 punktar á heildarkvarða)* | | | | | | *N* = 12.536 |
| Konur og kvár | 37,9% | 29,6% | 53,4% | 41,4% | 37,3% | 0,000** |
| Karlar | 31,6% | 23,9% | 44,0% | 38,9% | 31,2% | 0,000** |
| Öll | 34,3% | 26,6% | 49,8% | 40,0% | 34,0% | 0,000** |

Tafla 49 sýnir niðurstöður fyrir andlega heilsu kvenna og karla eftir uppruna. Á töflunni má sjá að mun hærra hlutfall innflytjenda (47,6% kvenna og 42,1% karla), og fólks með erlendan bakgrunn (37,4% kvenna og 33,6% karla) en innfæddra (32,8% kvenna og 26,8% karla) skorar 10-27 punkta á heildarkvarðanum og teljast því við slæma andlega heilsu. Af þeim sem töldu sig finna nær daglega fyrir þeim níu þáttum sem spurt var um var hlutfallið í öllu tilfellum nema einu hæst meðal innflytjendakvenna. Af þeim konum finna 20,4% lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina, 21,1% eru niðurdregnar, daprar eða vonlausar, 24,9% eiga erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina og 35% finna fyrir þreytu og orkuleysi. Hlutfallslega algengast er meðal kvenna með erlendan bakgrunn að hugsa nær daglega um að betra væri ef þær væru dánar eða um að skaða sig á einhvern hátt (4,6% á móti 3,4% meðal innflytjendakvenna og 1,3% hjá innfæddum konum).

Í öllum tilfellum var hlutfall erlendra karla sem töldu sig finna nær daglega fyrir þeim níu þáttum sem spurt var um hærra en innfæddra karla og karla með erlendan bakgrunn. Af innflytjendakörlum upplifa 19,4% lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina (á móti 11% innfæddra karla og 8,9% karla með erlendan bakgrunn). 22,9% á erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina (á móti 13,3% innfæddra karla og 15,7% karla með erlendan bakgrunn) og 16,2% hafa liðið illa með sjálfa sig (á móti 10,4% innfæddra karla og 13,4% karla með erlendan bakgrunn). Hlutfallslega algengast var á meðal innflytjendakarla að hugsa nær daglega um að betra væri ef þeir væru dánir eða hefðu skaðað sig á einhvern hátt (3,8% innflytjendakarla, 3,3% meðal karla með erlendan bakgrunn og 2,3% meðal innfæddra).

**Tafla 49.** *Nánast dagleg neikvæð andleg einkenni eftir kyni og uppruna.*

| | Innfæddir | Innflytjendur | Með erlendan bakgrunn | Samtals | *p*-gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| *Litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina* | | | | | *N* = 12.862 |
| Konur og kvár | 9,8% | 20,4% | 14,7% | 13,2% | 0,000** |
| Karlar | 11,0% | 19,4% | 8,9% | 13,2% | 0,000** |
| Öll | 10,4% | 19,9% | 11,7% | 13,2% | 0,000** |
| *Verið niðurdregin, döpur, vonlaus* | | | | | *N* = 12.839 |
| Konur og kvár | 7,6% | 21,1% | 12,9% | 11,8% | 0,000** |
| Karlar | 7,2% | 16,6% | 6,6% | 9,8% | 0,000** |
| Öll | 7,4% | 18,7% | 9,7% | 10,7% | 0,000** |
| *Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina* | | | | | *N* = 12.889 |
| Konur og kvár | 16,9% | 24,9% | 20,8% | 19,5% | 0,000** |
